


2019

# Landvarsla við Breiðafjörð



## Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
Um verkefnið .....	3
Umferð um svæðið .....	4
Farþegafjöldi með Breiðafjarðarferjunni Baldri. ....	4
Bílaumferð .....	5
Úttektarsvæði eftir sveitarfélögum .....	6
Samvinna sveitarfélaga .....	7
Snæfellsbær .....	8
Grundarfjarðarbær .....	10
Stykkishólmsbær og Helgafellssveit .....	17
Dalabyggð .....	21
Reykholahreppur .....	27
Vesturbyggð .....	33
Ástandsmat nokkurra svæða .....	39
Landvarsla við Breiðafjörð - framtíðarsýn .....	43
Hugmyndir að útfærslu .....	45
Tillögur að framkvæmdum .....	45
Lokaorð .....	47
Heimildaskrá .....	48

## Inngangur

Breiðafjörður er annar stærsti flói Íslands og markast af suðurströnd Vestfjarðakjálkans í norðri og norðurströnd Snæfellsness í suðri. Samspil landslags og sjávarfalla gerir það að verkum að fjörðurinn er ríkur af botngróðri sem er undirstaða hins fjölbreytta lífríkis sem þar er að finna. Eyjar og sker á firðinum telja á þúsundum og ströndin er vogskorin sem leiðir af sér að strandlengja hans er um fjórðungur allra stranda landsins. Svæðið er skilgreint sem alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði og er verndað með lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Lögin taka til allra eyja, hólma og skerja ásamt fjörum innan línu sem markast af Ytranesi á Barðaströnd og Vallabjargi á Snæfellsnesi á landi en hafsbotninn og vatnsbolurinn sjálfur njóta ekki verndar.

Breiðafjarðarnefnd hefur umsjón með verndarsvæðinu og er umhverfisráðherra til ráðgjafar um framkvæmd laganna. Að Breiðafirði liggja sjö sveitarfélög og eru fjórir fulltrúar nefndarinnar tilnefndir af þeim. Einn fulltrúi er tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrustofu Vesturlands og Náttúrustofu Vestfjarða og einn af Þjóðminjaráði. Formaður nefndarinnar er skipaður af umhverfis- og auðlindaráðherra.<sup>1</sup>

Árið 2018 tilnefndi Náttúrufræðistofnun Íslands Breiðafjörð á B-hluta náttúruminjaskrár sem eitt 112 svæða í neti verndarsvæða vegna fjöruvistgerða og fugla.<sup>2</sup> Í framhaldi af því hóf Breiðafjarðarnefnd undirbúning að samtali um framtíð verndarsvæðisins.

Lög um verndun Breiðafjarðar eru ekki skýr hvað varðar mörk verndarsvæðisins á landi. Í verndaráætlun fyrir Breiðafjörð kemur þó fram að almennt sé talið að þau miðist við fjörukamb ofan stórstraumsflóðs en tilefni sé til að endurskoða skilgreiningar.<sup>3</sup>

Landvarsla hefur ekki verið viðhöfð við Breiðafjörð.

---

<sup>1</sup> Vef. Breiðafjarðarnefnd. (e.d.)

<sup>2</sup> Vef. Náttúrufræðistofnun Íslands. (2018) og Vef. Náttúrufræðistofnun Íslands. (e.d.)

<sup>3</sup> Breiðafjarðarnefnd. (2014), bls. 40.

## Um verkefnið

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið úthlutaði fjármagni til landvörslu við Breiðafjörð á árinu 2019 og var það í fyrsta sinn sem landvarsla er á verndarsvæðinu í heild sinni en landverðir starfa þó í Vatnsfirði norðan fjarðar á sumrin og sinna með því lágmarkseftirliti í Flatey. Sérfræðingar og landverðir starfa einnig í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli og undir þá heyrir umsjón með friðlýstum svæðum á Vesturlandi, þ.m.t. friðlýstum eyjum undan Snæfellsnesi.

Umhverfisstofnun og Breiðafjarðarnefnd unnu saman að undirbúningi landvörslu við Breiðafjörð og samkvæmt áherslum nefndarinnar. Það fjármagn sem úthlutað var til verkefnisins nægði til tíu vikna landvörslu og var landvörður við störf á tímabilinu september – desember sama ár. Honum var falið að kanna verndarsvæði Breiðafjarðar með tilliti til álags af gestakomum og í því fólst m.a. að ástandsmeta nokkra áninga- og áfangastaði innan verndarsvæðisins og í nágrenni þess. Landverði var einnig falið að skoða fjörur innan svæðisins og afla sér upplýsinga eftir atvikum. Meðal verkefna hans var að kanna hvar ferðamenn sækja að strandlengjunni, hvort sem um skipulagða eða sjálfsprottna útsýnisstaði er að ræða, skoða hvar gönguleiðir liggja um strandlengjuna, hvort einhver landnýting sé í fjörum og hvar hlunnindi eru nýtt.

Svæðin sem voru ástandsmetin eru eftirfarandi:<sup>4</sup>

- Flatey – í tvennu lagi, innan og utan friðlands
- Súgandisey við Stykkishólm
- Kirkjufell
- Kirkjufellsfoss
- Fuglaskoðun í fjöru við Búðardal
- Áningarsvæði við Klofning

Í ljósi þess að sitthvað skortir upp á skilgreiningu marka verndarsvæðisins á landi lá ekki alltaf ljóst fyrir hvar draga ætti línuna, ef frá eru talin bein tilmæli í tilfelli Kirkjufells og Kirkjufellsfoss að tillögu Breiðafjarðarnefndar. Úttektarsvæðið er því nokkuð teygjanlegt með tilliti til ferðamannastaða sem eru í nánd við strandlengjuna en ekki innan þrengstu skilgreindu marka verndarsvæðisins. Þó var almennt gengið út frá því að hafa fjöruna sem viðmið í verkefninu og áhersla var lögð á að skoða staði þar sem auðvelt er að komast að henni. Skýrari mörk verndarsvæðisins og áhrifasvæða þess hefðu að líkindum gert úttektina markvissari.

Þar sem landvarsla hófst í september þegar verulega hefur hægst á umferð gesta um svæðið var erfiðara fyrir landvörð en ella að kortleggja ferðahegðun og kanna hvar ferðamenn stoppa. Snæfellsnes skar sig þó eilítið úr þar sem ferðamenn sækja þangað árið um kring og þá á nokkuð afmarkaða staði. Dalir, Reykhólahreppur og Vesturbyggð eru jaðarsvæði og straumur ferðamanna er mun hægari þar utan háannatíma. Þar er erfiðum fjallvegum ekki síst um að kenna. Af þessum sökum er nær öruggt að eitthvað sé um sjálfsprottna áfangastaði á verndarsvæðinu sem ekki er fjallað um í samantektinni.

Skýrslan byggir að nokkru leyti á gögnum sem landvörður safnaði á starfstíma sínum og gögnum sem finna má annars staðar, m.a. var mikið stuðst við vefsjár og kort við ritun hennar. Frjáls markaðssetning og upplýsingagjöf ferðamanna sjálfra á Google Maps og samfélagsmiðlum var skoðuð sérstaklega og höfð til hliðsjónar við mat á áfangastöðum í grennd við verndarsvæðið.

---

<sup>4</sup> Fjallað er sérstaklega um ástandsmat svæðanna í kafla um ástandsmat.

## Umferð um svæðið

Flestar eyjar í Breiðafirði eru í einkaeigu og engar almennar samgöngur eru í þær að Flatey undanskilinni. Það sama gildir um jarðir sem eiga land að ströndinni, þær eru flestar í einkaeigu og talsverður hluti þeirra er í byggð og fullri nýtingu en það hamlar víða aðgengi að fjörum þar sem lönd eru afgirt. Af þessu leiðir að svæðið verndar sig að miklu leyti sjálft með tilliti til álags af völdum ferðamanna sem eru á eigin vegum. Sem fyrr segir er bílaumferð mest um Snæfellsnes af þeim svæðum sem hér eru til umfjöllunar. Stórir hlutar strandlengjunnar í Dalabyggð og Reykhólahreppi eru utan alfaraleiða þar sem umferðaræðar liggja langt inni í landi og útsýni og aðgengi að fjörum er skert. Í Vesturbyggð liggur veglínan þannig að alls staðar sér til sjávar en þar er minni umferð vegna fjarlægðar frá þjónustukjörnum ferðamanna og krefjandi samgangna. Nokkuð er um skipulagða ferðaþjónustu við Breiðafjörð þar sem gestum býðst að fara í siglingar af ýmsu tagi frá höfnum sunnanmegin fjarðarins og greinanleg aukning er á komum skemmtiferðaskipa í höfnum svæðisins. Nánar verður vikið að ferðaþjónustu og komum skemmtiferðaskipa í umfjöllunum um sveitarfélögin síðar í skýrslunni.

### Farþegafjöldi með Breiðafjarðarferjunni Baldri.

Ferjan siglir á milli Stykkishólms og Brjánslækjar á Barðaströnd með viðkomu í Flatey. Yfir sumartímenn siglir hún tvær ferðir á dag alla daga vikunnar eða samtals fjórtán sinnum í viku. Á veturna er siglt tvisvar á dag tvo daga vikunnar og einu sinni á dag fjóra daga, samtals átta sinnum í viku en nýlega hefur verið aukið við fjölda ferða í vetraráætlun Baldurs.<sup>5</sup> Tölurnar í töflu 1 sýna árlega fjölgun á farþegum Baldurs í takt við aukinn ferðamannastraum fram til ársins 2016. Árið 2014 sker sig úr og má að einhverju leyti rekja til þess að nýtt skip var tekið í gagnið það ár ásamt því að siglingar á Breiðafirði lágu niðri þegar Baldur leysti Herjólf af í siglingum til Vestmannaeyja.<sup>6</sup> Árin 2017 og 2018 var Baldur ekki í þjónustu í nokkurn tíma vegna viðgerða<sup>7</sup> en fækkun þeirra ára má e.t.v. einnig rekja til fækkunar ferðamanna þó nokkuð hafi fjölgað aftur árið 2019.

Farþegafjöldi með Baldri	Alls	Þ.a. í Flatey	Hlutfall
2012	48.254	17.226	36%
2013	51.321	16.614	32%
2014	49.860	15.515	31%
2015	53.213	16.857	32%
2016	56.791	16.887	30%
2017	46.545	13.902	30%
2018	40.645	11.612	29%
2019	44.449	13.840	31%

**Tafla 1. Árlegur fjöldi farþega með Baldri 2012-2019**

Heimild: E. Eimskip. (2006).

<sup>5</sup> Vef. Sæferðir a. (e.d.)

<sup>6</sup> Vef. Vegagerðin. (2014)

<sup>7</sup> E. Eimskip. (2006)

Tæplega þriðjungur þeirra sem nýta þjónustu Baldurs fara í land í Flatey. Mestur fjöldi og hæsta hlutfallið var árið 2012 þegar ríflega 17.000 manns eða 36% af farþegum Baldurs sóttu Flatey heim. Í töflu 1 er ekki gerður greinarmunur á þeim ferðamönnum sem hafa Flatey sem lokaáfangastað og þeim sem koma þar við dagstund milli ferða Baldurs. Bæði býðst farþegum sem taka fyrri ferð úr landi öðru hvoru megin fjarðar að senda bifreiðar sínar áfram með ferjunni en einnig má nýta Baldur til dagsferða í Flatey frá höfnunum í Stykkishólmi eða Brjánslæk. Í Flatey eru mörg hús sem nýtt eru sem frístundahús en örfáir hafa þar fasta búsetu.

## Bílaumferð

Samkvæmt talningum Vegagerðarinnar hefur bílaumferð í nágrenni verndarsvæðis Breiðafjarðar aukist töluvert á síðustu árum, rétt eins og annars staðar á landinu. Í töflum 2-4 má sjá stígandi aukningu á þrem talningastöðum. Á Snæfellsvegi í Kolgrafafirði (tafla 2), á Vestfjarðavegi í Svínadal (tafla 3) og á Vestfjarðavegi í Vatnsfirði (tafla 4).

Umferðin er mest um svæðin á hánnatíma íslenskrar ferðaþjónustu í júní, júlí og ágúst. Úr töflunum má lesa að umferðin er þyngst á Snæfellsnesi en dregur mikið úr henni þegar í Dali er komið og á háannatíma á Vestfjörðum eru tölurnar svipaðar og í jaðarmánuðum í Dölunum (mars-maí og okt-nóv). Enn fremur sést að á Snæfellsnesi hefur aukningin verið mest á því árabili sem hér er til skoðunar en stígandinn er jafnari á öðrum svæðum. Á ritunartíma skýrslunnar höfðu tölur fyrir árið 2019 aðeins verið grófrýndar af Vegagerðinni. Skammstöfunin ÁDU stendur fyrir árdagsumferð eða meðalumferð á dag yfir árið.

### Snæfellsvegur í Kolgrafafirði

	2014	2015	2016	2017	2018	2019 <sup>8</sup>
Janúar	313	306	354	354	422	421
Febrúar	421	346	443	534	489	594
Mars	434	400	536	692	752	705
Apríl	410	430	528	680	685	693
Maí	472	599	747	805	856	831
Júní	711	813	972	1097	1080	1132
Júlí	842	1047	1217	1311	1250	1406
Ágúst	835	927	1180	1273	1366	1346
September	495	626	917	1037	1153	1094
Október	366	449	606	768	819	829
Nóvember	325	372	455	499	541	561
Desember	281	327	395	445	474	461
<b>ÁDU (nálgæð)</b>	<b>492</b>	<b>555</b>	<b>695</b>	<b>790</b>	<b>825</b>	<b>840</b>

Tafla 2. Umferðartalningar Vegagerðarinnar á Snæfellsvegi í Kolgrafafirði 2014-2019.

Heimild: Vef. Vegagerðin a. (2019)

<sup>8</sup> Tölur fyrir 2019 eru grófrýndar af Vegagerðinni á ritunartíma skýrslunnar.

### Vestfjarðavegur í Svínadal

	2014	2015	2016	2017	2018	2019 <sup>9</sup>
Janúar	149	179	198	212	232	235
Febrúar	150	171	183	244	206	235
Mars	161	205	320	280	372	302
Apríl	337	317	322	441	433	489
Maí	370	420	516	536	532	545
Júní	659	693	760	869	791	855
Júlí	855	1017	1149	1167	1063	1188
Ágúst	856	759	967	1030	1022	1025
September	467	508	632	698	696	662
Október	307	365	439	482	430	439
Nóvember	254	274	291	309	311	344
Desember	166	192	237	266	250	231
<b>ÁDU (nálgað)</b>	<b>394</b>	<b>425</b>	<b>500</b>	<b>545</b>	<b>530</b>	<b>545</b>

Tafla 3. Umferðartalningar Vegagerðarinnar á Vestfjarðavegi í Svínadal 2014-2019.

Heimild: Vef. Vegagerðin a. (2019)

### Vestfjarðavegur í Vatnsfirði

	2014	2015	2016	2017	2018	2019 <sup>10</sup>
Janúar	47	32	39	45	62	52
Febrúar	46	28	38	57	53	55
Mars	39	36	60	70	90	66
Apríl	72	60	85	109	112	124
Maí	125	129	180	211	201	196
Júní	210	253	304	366	319	345
Júlí	294	395	458	476	407	507
Ágúst	285	278	390	431	424	423
September	149	172	246	255	266	250
Október	92	98	127	158	120	122
Nóvember	74	56	70	81	78	81
Desember	57	35	54	72	57	58
<b>ÁDU (nálgað)</b>	<b>124</b>	<b>130</b>	<b>170</b>	<b>195</b>	<b>180</b>	<b>190</b>

Tafla 4. Umferðartalningar Vegagerðarinnar á Vestfjarðavegi í Vatnsfirði 2014-2019.

Heimild: Vef. Vegagerðin a. (2019)

## Úttektarsvæði eftir sveitarfélögum

Verndarsvæði Breiðafjarðar nær yfir landsvæði sem tilheyrir sjö sveitarfélögum sem eru ólík að stærð, mannfjölda og uppbyggingu. Til einföldunar í framsetningu og yfirferð er eftirfarandi umfjöllun skipt niður eftir sveitarfélögunum sjö. Þorp og þéttbýliskjarnar innan þeirra liggja öll að sjó en voru ekki sérstaklega til skoðunar í úttektinni að öðru leyti en því sem við á í umfjöllunarefnum hér á eftir.

Í hverju sveitarfélagi fyrir sig er fjallað um skipulagða og óskipulagða áfangastaði ferðamanna innan verndarsvæðisins eða í grennd við það (miðað við mest 500 metra fjarlægð áningarstaðar að fjöru og/eða aðgengi að sjó), þekktar gönguleiðir í fjörum eða í nálægð við þær, friðlýst svæði og svæði á náttúruminjasrá innan verndarsvæðisins eða í nágrenni við það (miðað er við 500 metra

<sup>9</sup> Tölur fyrir 2019 eru grófrýndar af Vegagerðinni á ritunartíma skýrslunnar.

<sup>10</sup> Tölur fyrir 2019 eru grófrýndar af Vegagerðinni á ritunartíma skýrslunnar.

fjarlægðarmörk frá ystu mörkum hins verndaða), umferð skemmtiferðaskipa, skipulagða ferðapjónustu og aðra nýtingu eftir atvikum. Allir áfangastaðir við strandlengju Breiðafjarðar sem ferðamenn hafa sjálfir merkt inn með tögum, myndum, umsögnum, stjórnugjöf og leiðbeiningum á Google Maps voru skoðaðir á veraldarvefnum og verður fjallað um þá í samantektinni þar sem við á.

## Samvinna sveitarfélaga

Samvinna sveitarfélaganna kristallast víða við Breiðafjörð, m.a í svæðisskipulagi Snæfellsness og svæðisskipulagi Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar.

Einhver þeirra hafa tekið virka afstöðu í umhverfismálum og má þar m.a. telja að sveitarfélög á Snæfellsnesi hafa hlotið platinuvottun EarthCheck fyrir frammistöðu í umhverfis- og samfélagsmálum.<sup>11</sup> Sveitarfélög á Vestfjörðum eru silfurvottuð af EarthCheck<sup>12</sup> og hafa öll samþykkt að taka þátt í verkefninu Grænum skrefum.<sup>13</sup>

## Markaðsstofur landshlutanna

Markaðsstofur landshlutanna starfa í samstarfi við ýmsa aðila, þ.á.m. sveitarfélög. Hlutverk þeirra er að samræma allt það er kemur að markaðs- og kynningarmálum innan ferðapjónustu.<sup>14</sup> Á verndarsvæði Breiðafjarðar er um að ræða annars vegar Markaðsstofu Vesturlands og Markaðsstofu Vestfjarða og við samantektina voru skoðuð kort og bæklingar sem dreift er til ferðamanna á svæðinu. Með skoðun á þeim gögnum má auðveldlega sjá hvar unnið hefur verið að uppbyggingu á ferðamannastöðum og hvert gestum er beint en þau kort sem eru aðgengileg á vefnum eru ólík að uppsetningu og mismunandi hvort áhersla er lögð á upplýsingar um þjónustu og innviði (kort Markaðsstofu Vesturlands<sup>15</sup>) eða áhugaverða staði (kort Markaðsstofu Vestfjarða<sup>16</sup>). Á kortunum tveim eru eftirfarandi staðir innan verndarsvæðis Breiðafjarðar eða í mikilli nánd við það dregnir fram:

- Sundlaugin í Laugarnesi við Krossholt á Barðaströnd
- Hellulaug í Vatnsfirði
- Áhugaverðir staðir við strandlengjuna – með tákmynd en án frekari útskýringa (á korti Markaðsstofu Vestfjarða)
- Flatey á Breiðafirði (á kortum beggja)
- Vitar (á kortum beggja)
- Fuglaskoðunarstaðir (á korti Markaðsstofu Vesturlands)

## Svæðisgarðurinn Snæfellsnes

Sveitarfélög, félagasamtök og ferðapjónustuaðilar á Snæfellsnesi vinna sameiginlega að uppbyggingu og markaðssetningu Snæfellsness í heild sinni í gegnum Svæðisgarðinn Snæfellsnes með þá hugmynd að leiðarljósi að svæðið myndi samstæða landslags- og menningarlega heild. Hjá Svæðisgarðinum er unnið að því að byggja upp ferðamannastaði og markaðssetja í sátt við íbúa og samfélagið með ríku samráði og aðkomu hagsmunaaðila.<sup>17</sup>

---

<sup>11</sup> Vef. Snæfellsbær. (e.d.)

<sup>12</sup> Vef. Vestfjarðastofa a. (e.d.)

<sup>13</sup> Vef. Vestfjarðastofa b. (e.d.)

<sup>14</sup> Vef. Markaðsstofur landshlutanna. (e.d.)

<sup>15</sup> Vef. Markaðsstofa Vesturlands b. (e.d.)

<sup>16</sup> Vef. Markaðsstofa Vestfjarða. (e.d.)

<sup>17</sup> Vef. Svæðisgarðurinn Snæfellsnes. (e.d.)



## Vestfjarðaleiðin

Vestfjarðastofa og Vesturlandsstofa vinna um þessar mundir að verkefni sem heitir Vestfjarðaleiðin – The Westfjords Way sem hefur verið styrkt af Ferðamálastofu og Sóknaráætlun. Í því felst þróun á ferðamannaleið sem opnast við það að Dýrafjarðargöng verða tekin í gagnid svo og með þeim samgöngubótum sem áætlaðar eru á Dynjandisheiði. Litið er á afurðina sem tækifæri til nýrrar sköpunar í aðdráttarafli á svæðinu en hringleiðin liggur um verndarsvæði Breiðafjarðar frá Hvammsfjarðarbotni í suðaustri, eftir Strandahring um Klofningsnes og að rötum Kleifaheiðar á Barðaströnd í norðvestri.<sup>18</sup>

## Snæfellsbær

Íbúar í Snæfellsbæ voru 1674 talsins 1. janúar 2019.<sup>19</sup> Þar eru þéttbýlisstaðirnir Ólafsvík, Rif og Hellissandur en ekkert þessara þorpa er innan verndarsvæðis Breiðafjarðar heldur liggja mörk þess á landi í Vallabjargi austan Ólafsvíkur. Mörk sveitarfélagsins eru hins vegar í Búlandshöfða svo einungis um átta kílómetrar af strandlengju verndarsvæðisins eru innan Snæfellsbæjar. Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er allur innan sveitarfélagsins. Fjörur eru fallegar en ekki ýkja aðgengilegar, það kemur þó ekki alltaf í veg fyrir að ferðamenn finni sér leið að þeim.

## Skipulagðir áningarstaðir í Snæfellsbæ

**Búlandshöfði:** Við fjallið Búlandshöfða er skipulagður áningarstaður í umsjón Vegagerðarinnar þar sem finna má bílastæði, áningarborð og skilti.<sup>20</sup> Aðstaðan er mikið notuð en frá bílastæðinu er hægt að njóta útsýnis yfir Breiðafjörð, Ólafsvík og Snæfellsjökul eins og sjá má á mynd 1. Bílastæði eru ekki merkt og því er líklegt að eitthvert öngþveiti geti myndast þar á sumrin þegar umferð er meiri. Bílastæðið er afmarkað með stuðlabergi og fram af því er brött grasi vaxin hlíð að fjörunni sem virðist torfarin og ólíklegt að margir gangi þar niður. Á Google Maps má finna 87 umsagnir ferðamanna um staðinn sem þar nefnist „Búlandshöfði View Point“ og þeir gefa svæðinu 4,6 stjörnur af fimm mögulegum, flestir hæla útsýninu en margir taka fram að þetta sé ekki áfangastaður í sjálfu sér.<sup>21</sup>



Mynd 1: Áningarstaður við Búlandshöfða. Myndin er fengin af Google Maps „Búlandshöfði Viewpoint“, ljósmyndari: Urmas Joesoo.

<sup>18</sup> Vef. Vestfjarðastofa c. (e.d.) og Vef. Vestfjarðastofa. (2020)

<sup>19</sup> Vef. Hagstofa Íslands. (2019). Snæfellsbær.

<sup>20</sup> Vef. Vegagerðin. (2013)

<sup>21</sup> Vef. Google Maps „Búlandshöfði View Point“.

## Óskipulagðir áningarstaðir í Snæfellsbæ

**Mávahlíðarrif:** Falleg fjara í nálægð þjóðvegjar þar sem engir innviðir eru til staðar. Ferðamenn stöðva bifreiðar sínar og leggja þeim gjarnan á litlu malarsvæði fjörumegin eða í vegöxl sem getur skapað slysaættu. Norðarlega við sandinn er skarð í fjörubarðið sem stórir og vel útbúnir bílar geta keyrt í gegnum og niður á sandinn. Þar má stundum sjá bílför. Á Google Maps er staðurinn merktur sem „Bonica platja negra amb mala mar“ sem mun vera katalónska og útleggst á íslensku sem „falleg svört strönd með vondum sjó“. Þar er að finna átján umsagnir ferðamanna og staðurinn er með 4,7 stjörnur af fimm mögulegum. Eina umsögn má jafnframt finna undir heitinu „Klausidóttirsfjara“. Umsagnaraðilar nefna m.a. að úr fjörunni sé útsýni fallett og þar sé gott að teygja úr þreyttum fótum.<sup>22</sup>



*Mynd 2: Mávahlíðarrif. Á myndinni sést skarðið þar sem stórir bílar geta keyrt fram af. Myndin er fengin af Google Maps "Bonica platja negra amb mala mar", ljósmyndari: Marek Stachowiak.*

## Gönguleiðir

Í Snæfellsbæ eru engar merktar eða þekktar gönguleiðir meðfram mörkum verndarsvæðisins í fjöru.

## Friðlýst svæði og svæði á náttúruminjaskrá

Innan sveitarfélagsins Snæfellsbæjar eru engin friðlýst svæði sem liggja að strandlengjunni við Breiðafjörð.

- Búlandshöfði er nr. 225 á náttúruminjaskrá.<sup>23</sup> Um 450 metrar eru þar sem styst er frá fjöru að ytri mörkum.

<sup>22</sup> Vef. Google Maps „Bonica platja negra amb mala mar“.

<sup>23</sup> Vef. Umhverfisstofnun. (e.d.) „Náttúruminjaskrá Vesturland“.

## Umferð skemmtiferðaskipa

Engin höfn er innan þess svæðis sveitarfélagsins sem tilheyrir verndarsvæðinu en næsta höfn er í Ólafsvík og þar eru skemmtiferðaskip fátíð. Eitt fremur lítið skemmtiferðaskip kom 2018 en upplýsingar eða umfjallanir um frekari komur fundust ekki.<sup>24</sup>

## Skipulögð ferðapjónusta

Á sumrin (frá byrjun aprílmánaðar og til loka október) er boðið upp á daglegar hvalaskoðunarferðir tvisvar á dag frá Ólafsvík. Samkvæmt leiðarlýsingu ferðapjónustufyrirtækisins sigla skoðunarbátarnir í nágrenni við Snæfellsnes en ekki er nánar tiltekið hvert þeir fara svo óljóst er hvort það er innan eða utan verndarsvæðis.<sup>25</sup>

## Önnur nýting

Ólafsvík og Rif eru útgerðarbærir og töluverður skipafloti á hvorum stað. Þaðan er róið til fiskveiða á Breiðafirði og víðar. Önnur nýting á verndarsvæði Breiðafjarðar í sveitarfélaginu er ekki kunn.

## Grundarfjarðarbær

Í sveitarfélaginu bjuggu 866 einstaklingar 1. janúar 2019.<sup>26</sup> Eina þéttbýlið, Grundarfjörður, er staðsett mitt á milli Ólafsvíkur og Stykkishólms. Aðal starfsvettvangur íbúa bæjarins er sjómennska og tengd störf. Á síðustu árum hefur ferðapjónusta aukist í bænum en það má að einhverju leyti rekja til vinsælda Kirkjufells sem er í nágrenninu. Fjallið öðlaðist nokkra frægð eftir að það birtist í sjónvarpsþáttunum Game of Thrones og margir telja að Kirkjufell sé það fjall á Íslandi sem mest er myndað. Á samfélagsmiðlinum Instagram er fjallið myllumerkt með einum eða öðrum hætti á tæplega 70.000 myndum og Kirkjufellsfoss á yfir 20.000 myndum.<sup>27</sup> Fjallað verður um Kirkjufell og Kirkjufellsfoss í samantektinni hér á eftir þó svæðin séu talsvert langt frá mörkum verndarsvæðis Breiðafjarðar en færa má rök fyrir því að þau séu innan áhrifasvæðis þess í ljósi þess hve vinsæl þau eru hjá ferðamönnum. Svæðin voru einnig bæði ástandsmetin.

## Skipulagðir áningarstaðir í Grundarfjarðarbæ

Kirkjufellsfoss: Svæðið við fossinn er sjálfsprottinn áfangastaður og má rekja til vinsælda Kirkjufells sem myndefnis en margir hafa fossinn í forgrunni þegar fjallið er myndað. Mikil uppbygging hefur verið við Kirkjufellsfoss undanfarin ár og má því segja að í dag sé um skipulagðan áfangastað að ræða. Þar er nú góður göngustígur upp með ánni vestan megin, að brú og niður hinum megin en svo ganga gestir sömu leið til baka. Stígurinn er vandaður og afgirt beggja megin við hann á köflum. Við stíginn er að finna skilti sem vara við hættum en þau duga ekki til og margir fara út fyrir til myndatöku. Á starfstíma landvarðar haustið 2019 voru yfirstandandi framkvæmdir við nýtt bílastæði og það hefur nú verið tekið í notkun, jafnframt hefur eldra bílastæði verið aflagt. Enn á eftir að tengja saman nýtt bílastæði við göngustíginn.

---

<sup>24</sup> Vef. Snæfellsbær. (2018)

<sup>25</sup> Vef. Láki Tours. (e.d.)

<sup>26</sup> Vef. Hagstofa Íslands. (2019). Grundarfjarðarbær.

<sup>27</sup> Vef. Instagram. Textinn „#kirkjufell“ og „#kirkjufellsfoss“ var settur í leitarglugga eftir innskráningu í forritið.

Áhugavert væri að gera könnun á daglegum fjölda gesta við Kirkjufellsfoss með gönguteljurum en samkvæmt óformlegri talningu landvarðar komu 95 gestir á svæðið á einni klukkustund um miðjan október sem er vel utan hánnatíma.

Á Google Maps er að finna 1.950 umsagnir um Kirkjufellsfoss og gestir gefa staðnum 4,7 stjörnur af fimm mögulegum. Mjög margir vísa til sjónvarpsþáttanna Game of Thrones og sumir segja fjallið vera mun stórfenglegra en þeir áttu von á og eitt þeirra fyrirbæra sem ferðamenn á Íslandi verði að sjá (e. „must see“). Í nýlegum umsögnum er talað um að bílastæðið sé stórt og þægilegt og stuttur gangur þaðan í stórfenglegt útsýni. Aðrir fjalla um að allt of margir ferðamenn séu á svæðinu, stígar séu hættulegir í hálfu og vart þverfótað fyrir sjálfsmyndatökufólki (e. selfie).<sup>28</sup> 80 gestir skrifa umsagnir um bílastæðið við Kirkjufell í tveim tögum, annað fær 3,8 stjörnur og hitt 4,1. Kirkjufellsfoss var ástandsmetinn samhliða þessari úttekt og svæðið kom ágætlega út.<sup>29</sup>



Mynd 3: Ferðamenn utan stíga við Kirkjufellsfoss í október. Ljósmynd: Umhverfisstofnun.



Mynd 4: Tákmynd sem varar við skriðhættu við göngustíg við Kirkjufellsfoss. Ljósmynd: Umhverfisstofnun

Útsýnisstaður vestan Grundarfjarðarbæjar: Við Grundarfjarðarbæ er upplýsingastaður í umsjón Vegagerðarinnar.<sup>30</sup> Þar er lítið bílaplan sem liggur í sveig og rúmar fimm til sex bíla. Á staðnum eru tvö góð fræðsluskilti, annars vegar um Kirkjufell, einkum jarðfræðina, og hins vegar um fuglalíf á svæðinu. Útsýni að fjallinu er gott en frá planinu er stutt í fjöruna og þar hefur myndast slóði gegnum gras og móa þrátt fyrir reipi til afmörkunar eins og sést á mynd 5. Áningarstaðurinn er merktur sem „Kirkjufell Viewpoint“ á Google Maps og þar má finna 79 umsagnir og 4,7 stjörnur af fimm mögulegum. Flestum umsagnaraðilum er þó tíðræddara um fjallið og fossinn en útsýnisstaðinn sjálfan og innviði hans.<sup>31</sup>

<sup>28</sup> Vef. Google Maps „Kirkjufellsfoss“.

<sup>29</sup> Ástandsmat fyrir Kirkjufellsfoss er að finna í kafla um ástandsmat.

<sup>30</sup> Vef. Vegagerðin. (2013)

<sup>31</sup> Vef. Google Maps „Kirkjufell Viewpoint“.



Mynd 5: Kirkjufell frá útsýnisstað við Grundarfjörð. Slóði í fjöruna er greinilegur. Ljósmynd: Umhverfisstofnun.

Kolgrafafjörður: Við Kolgrafafjörð er áningarstaður í umsjón Vegagerðarinnar.<sup>32</sup> Þar er gott bílaplan með upplýsingaskiltum um síldardauða í firðinum og söguskilti um Eyrbyggju, áningarborð og grjóthleðsla. Skiltin eru fræðandi en yfir þeim er plasthlíf sem hrím sest á í frosti og nýtast ekki nema áhugasamir skafi þau. Á sama stað er einnig kort um gönguleiðir á svæðinu en það er ólæsilegt. Af bílaplaninu er gott útsýni yfir Kolgrafafjörð og gyrt er fyrir möguleika á göngu í fjöruna. Á Google Maps er staðurinn merktur inn sem „Kolgrafafjörður Viewpoint“ og þar hafa 61 gefið staðnum umsögn og 4,7 stjörnur af fimm mögulegum.<sup>33</sup>



Mynd 6: Áningarstaður við Kolgrafafjörð. Myndin er fengin af Google Maps „Kolgrafafjörður Viewpoint“. Ljósmyndari: Michel Grandjean.

Kolgrafafjarðarbrú: Grundarfjarðarmegin við Kolgrafafjarðarbrú er hægt að komast af þjóðvegnum niður á malarplan eða sléttu þar sem finna má stakt áningarborð. Planið er gróft og gæta þarf varúðar á minni bílum en brattinn af veginum er talsverður og bæði rútur og bílar hafa fest sig þarna. Svæðið hefur verið deiliskipulagt og samkvæmt því er ráðgert að byggja upp innviði á staðnum þar sem verða bílastæði fyrir ellefu bíla og tvær rútur, útsýnispallur og þjónustuskýli m.a.<sup>34</sup> Hér er gott tækifæri til

<sup>32</sup> Vef. Vegagerðin. (2013)

<sup>33</sup> Vef. Google Maps „Kolgrafafjörður Viewpoint“.

<sup>34</sup> Vef. Alta. (2018)

fuglaskoðunar en mikið er af æðarfugli á firðinum og öðrum fuglum yfir sumartímann. Stutt er í fjöru og er gönguhlið á girðingu til að auðvelda aðgengi. Brúin sjálf virðist einnig vera nokkurt aðdráttarafi ef marka má ljósmyndir og umsagnir ferðamanna á Google Maps þar sem 29 aðilar hafa tjáð sig um staðinn og gefa honum 4,6 stjörnur af fimm mögulegum. Tveir umsagnaraðilar minnst meðal annars á að staðurinn sé tilvalinn til sela- og hvalaskoðunar. Einn minnir þá sem ætla að hafa viðdvöl þarna að stöðva ekki bifreiðar sínar á brúnni sjálfri svo vera má að einhverjir hræðist hallann niður á planið eða telji sig ná betri myndum þaðan.<sup>35</sup>



Mynd 7.: Áningarstaður við Kolgrafafjarðarbrú. Fyrir miðri mynd sést móta fyrir stöku áningarborði. Myndin er fengin af Google Maps „Kolgrafafjörður“. Ljósmyndari: Anup Dalvi.

### Óskipulagðir áfangastaðir í Grundarfjarðarbæ

Malarslétta við Búlandsbrekkur ofan Búlands: Skammt undan sveitarfélagsmörkum á Búlandshöfða, Grundarfjarðarmegin, er malarslétta þar sem hugsanlega hefur verið náma einhverntíma. Þar er slóði og einhverjir gestir keyra fram á sléttuna og stöðva bifreiðar sínar þar. Undirlag er mjög ójafnt og frá brún er ekki útsýni í fjöruna. Það sér talsvert á svæðinu en engir innviðir eru til staðar.

Hengilás við Háubakka: Á afleggjara við Háubakka stöðva ferðamenn á litlu bílaplani sem þar er. Vegslóða af planinu hefur verið lokað með stóru hliði og hengilási. Á planinu er pláss fyrir 3-4 bíla en gestir ganga niður sandinn í Víkurrifi þar sem fjarar vel út og svæðið býður upp á fallega sjávarsýn. Grjóti hefur verið raðað meðfram bakkanum sem myndar fyrrnefnt bílaplan en upphaflega mun þetta hafa verið vegslóði sem heimamenn notuðu til að sinna búskap. Á Google Maps hefur staðurinn verið merktur sem „Giant Padlock“ og skrifaðar hafa verið 17 umsagnir um hann. Gestir gefa honum 4,5 stjörnur af fimm mögulegum og minnst m.a. á litafbrigði í sandinum, fallega sjávar- og fjallasýn og að

<sup>35</sup> Vef. Google Maps „Kolgrafafjörður“.

hægt sé að fara í göngutúr um ströndina og virða fyrir sér kletta og smádýralíf í sandinum. Einhverjir vilja gjarnan vita meira meira um þennan sérstæða hengilás en þarna eru engir innviðir.<sup>36</sup>



Mynd 8: Hengilás við Háubakka..Ljósmyndin er fengin af Google Maps, „Giant Padlock“. Ljósmyndari: Brittney Johnson.

**Kvíabryggja:** Þó ekki verði deilt um að Kvíabryggja sé skipulagður áfangastaður í vissum skilningi er vart um áningarstað ferðamanna að ræða. „Kvíabryggja Prison“ hefur þó verið merkt inn á Google Maps og hefur staðurinn fjórar umsagnir og einkunnina 4,8 af fimm mögulegum. Í þeim segir að þarna sé fallegt en skorður séu á umferð og eina myndin sem birt er með umsögnunum er af skiltum sem banna óviðkomandi aðgang.<sup>37</sup>

**Kirkjufell:** Einkennisfjall Grundarfjarðar sem hefur notið mikilla vinsælda til ljósmyndunar en einnig hefur það aukist að ferðafólk klífi fjallið.<sup>38</sup> Fjallið er þó einungis fært vel reyndu göngufólki þar sem leiðin er brött og á löngum kafla þarf að notast við kaðla sem komið hefur verið fyrir í mesta brattanum. Samkvæmt þeim sem mikla reynslu hafa af göngum á Kirkjufell er erfiðara að komast niður en upp. Nokkur slys hafa orðið í fjallinu á síðustu árum þar sem björgunarsveitir hafa þurft að koma göngumönnum til bjargar og tvö banaslys árin 2017 og 2018. Svo mjög hefur tíðni slysa aukist að haft hefur verið eftir talsmanni Slysavarnarfélagsins Landsbjargar að Kirkjufell sé „hættulegasta fjall landsins“.<sup>39</sup> Engin skilti eða merkingar eru á svæðinu sem segja til um hvar hefja skuli göngu eða sem veita upplýsingar um hversu erfið og hættuleg leiðin er. Frekari upplýsingagjöf og stýring er nauðsynleg en markmiðið ætti síst að vera að gera fjallið aðgengilegra gestum heldur að tryggja eins og hægt er að gestir séu upplýstir um hættur svo fleiri hverfi frá uppgöngu áður en í óefni er komið. Árið 2019

<sup>36</sup> Vef. Google Maps. „Giant Padlock“.

<sup>37</sup> Vef. Google Maps. „Kvíabryggja Prison“.

<sup>38</sup> Vef. Kristján Már Unnarsson. (2019)

<sup>39</sup> Vef. Sighvatur Jónsson. (2019)

hlaut Grundarfjarðarbær styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða vegna öryggismála og merkinga við Kirkjufell.<sup>40</sup> Troðningur hefur myndast upp fjallið enda eru nokkrir vanir heimamenn sem fara þar reglulega. Á myndum sést einnig greinilegur stígur sem myndast hefur ofan á fjallinu þar sem að troðningar eru komir niður úr neðsta gróðurlagi og í mold á einhverjum blettum. Hægt er að ganga í kringum fjallið en leiðin er ekki merkt og engin gönguskilti eru til staðar.<sup>41</sup> Á Google Maps hafa 231 skrifað umsagnir um Kirkjufell og gefa því 4,7 stjörnur af fimm mögulegum. Ferðamenn minnst á fagurt útsýni hér sem annars staðar og ófáir fjalla um Kirkjufell sem Game of Thrones fjallið og fegursta fjall Íslands sem allir verði að sjá. Margir telja fjallið frábært til uppgöngu en erfitt og varað er við ótraustum og slitnum köðlum. Umfjöllun um norðurljósamyndatökur bregður fyrir. Aðrir segja að við Kirkjufell séu of margir ferðamenn sem margir hverjir virði ekki takmarkanir og fari yfir kaðla og út á þjóðvegi, þarna sé alltaf einhver, dag sem nótt og telja staðinn ofmetinn.<sup>42</sup>

Kirkjufell var ástandsmetið og var einkunn í meðallagi en helst er það skortur á skipulagi áfangastaðarins sem dregur svæðið niður í einkunn.<sup>43</sup> Það mun þó standa til bóta svo sem ofan greinir.



*Mynd 9: Á myndinni sést uppgangan á topp Kirkjufells, kaðlar sjást hanga niður kletta fyrir miðjum tind. Myndin er fengin á Google Maps, „Kirkjufell Mountain“. Ljósmyndari: Jens Bodenstab.*

### **Gönguleiðir**

Á heimasíðu Grundarfjarðarbæjar eru nokkrar gönguleiðir sem fara nálægt verndarsvæðinu settar fram, allar eru þær óstikaðar. Sú fyrsta liggur meðfram strandlengjunni frá þorpinu og út voginn austan

<sup>40</sup> Vef. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða. (2019)

<sup>41</sup> T.d. er minnst lauslega á mögulega hringferð um fjallið á Vef. Markaðsstofa Vesturlands a. (e.d.)

<sup>42</sup> Vef. Google Maps. „Kirkjufell Mountain“.

<sup>43</sup> Ástandsmat fyrir Kirkjufell er að finna í kafla um ástandsmat.



við bæinn. Önnur er eftir gamla veginum fyrir Kolgrafafjörð en þar er mjög mismunandi hversu langt frá strandlengjunni vegurinn liggur, mjög lítil bílaumferð er þar eftir að fjörðurinn var þveraður. Hin þriðja fetar leið frá þorpinu að Kirkjufellsfossi, fjallsmegin eftir gömlum slóða.<sup>44</sup> Austan Eyrarfjalls er gönguleið að fjöru í Eyrarodda.<sup>45</sup>

### Friðlýst svæði og svæði á náttúruminjaskrá

- Melrakkaey var friðlýst sem friðland árið 1971 með því markmiði að vernda fuglalíf eyjunnar. Bannað er að fara í eyjuna án leyfis Umhverfisstofnunar eða umsjónarmanna, en Umhverfisstofnun er heimilt að leyfa nýttjar æðarvarps og annarra hlunninda. Friðlýsingin var endurskoðuð árið 1974.<sup>46</sup>
- Stöð (Brimlárhöfði) er númer 226 á náttúruminjaskrá. Um 270 metrar eru frá ystu mörkum hins verndaða þangað sem styst er í fjöru.<sup>47</sup>

### Umferð skemmtiferðaskipa

Grundarfjörður er það svæði innan verndasvæðis Breiðafjarðar þar sem flest skemmtiferðaskip hafa viðkomu og hefur þeim farið fjölgandi síðustu ár. Grundarfjarðarhöfn á aðild að samtökunum Cruise Iceland og hefur auglýst stækkun hafnarinnar í samræmi við gildandi samgönguáætlun þannig að árið 2021 verði eitt viðlegupláss í viðbót fyrir skemmtiferðaskip af stærri gerðinni.<sup>48</sup> Gestum skemmtiferðaskipa í Grundarfirði býðst að fara í dagsferðir um Snæfellsnes en einhverjir kjósa að dvelja í bænum sjálfum. Líklegt má telja að komum muni fjölga á næstu árum en tafla 5 sýnir fjölda skemmtiferðaskipa sem komið hafa í Grundarfjarðarhöfn á síðustu sex árum.

ÁR	KOMUR
2014	19
2015	28
2016	28
2017	25
2018	27
2019	52

**Tafla 5. Komur skemmtiferðaskipa í Grundarfjarðarhöfn 2014-2015.**

Heimild: Vef. Grundarfjarðarhöfn (2003), Vef. Grundarfjörður. (2018) og Vef. Grundarfjörður. (2019).

### Skipulögð ferðaþjónusta

Ferðamönnum bjóðast nokkrar mismunandi ferðir á sjó frá Grundarfirði. Á sumrin er m.a. hægt að virða fyrir sér lunda í Melrakkaey eða fara í sjóstöng og fuglaskoðun á skonnortu við Melrakkaey. Hvalaskoðun er í boði yfir vetrartímenn þegar lítið er af fugli.<sup>49</sup> Einnig er boðið upp á kajakferðir frá Grundarfirði, bæði veiði- og skoðunarferðir þar sem Kirkjufell spilar stóra rullu.<sup>50</sup>

<sup>44</sup> Vef. Grundarfjarðarbær a. (e.d.). Gönguleiðakort Eyrarsveit/Grf.

<sup>45</sup> Vef. Grundarfjarðarbær b. (e.d.). Gönguleiðakort Ferðafélags Snæfellsness.

<sup>46</sup> Auglýsing um friðland í Melrakkaey (1974)

<sup>47</sup> Vef. Umhverfisstofnun. (e.d.) „Náttúruminjaskrá Vesturland“

<sup>48</sup> Vef. Cruise Iceland a. (e.d) og Vef. Bergljót Baldursdóttir. (2018)

<sup>49</sup> Vef. Láki Tours. (e.d.)

<sup>50</sup> Vef. Vestur Adventures. (e.d.)

## Önnur nýting

Grundarfjörður er útgerðarbær og þaðan eru gerð út skip og bátar af öllum stærðum og gerðum sem sækja á gjöful fiskimið Breiðafjarðar. Í sveitarfélaginu er talsvert æðarvarp sem æðarbændur sinna og nýta til dúntekju. Önnur nýting á hlunnindum Breiðafjarðar eru ekki kunn.

## Stykkishólmsbær og Helgafellssveit

Stykkishólmur er stærsti þéttbýliskjarni á Snæfellsnesi og íbúar eru 1201 talsins<sup>51</sup> en að flatarmáli er sveitarfélagið það fjórða smæsta á landinu, einungis um 10 km<sup>2</sup>. Helgafellssveit er mun stærri að flatarmáli en fámenn, þar bjuggu 62 í ársbyrjun 2019.<sup>52</sup> Til einföldunar er þessum tveim sveitarfélögum skeytt saman í kafla í umfjölluninni.

Rétt eins og hinir bæirnir hefur Stykkishólmur byggst upp í kringum sjávarnytjar. Einkum fiskveiðar en þó einnig skelveiðar og stutt er frá Stykkishólmi á skelfisksmið Breiðafjarðar. Löng hefð er fyrir ferðapjónustu í Stykkishólmi þar sem bærinn hefur verið heimahöfn farþegasiglinga yfir Breiðafjörð um áratugaskeið. Í seinni tíð hefur ferðapjónusta aukist til muna, bæði á landi og sjó en einn af aðalánningarstöðunum á svæðinu er bærinn sjálfur sem er þekktur fyrir bæjarmynd sína og eyjasýn. Nokkur ferðapjónustufyrirtæki bjóða upp á siglingar um náttúrperlurnar á Breiðafirði og í bænum eru margir veitingastaðir sem bjóða upp á fiskmeti úr Breiðafirði, flestir starfræktir yfir sumartímann.

## Skipulagðir áningarstaðir í Stykkishólmsbæ og Helgafellssveit

Hákarlasafnið í Bjarnarhöfn: Í Bjarnarhöfn er hákarlasafn þar sem gestum býðst að kynna sér sögu hákarlaveiða og vinnsluaðferðir ásamt því að bragða á kræsingunum en þar er einnig rekinn veitingastaður á sumrin. Safnið er nokkuð langt frá fjöru eða um 500 m og frá veitingastaðnum er hægt að njóta útsýnis yfir Breiðafjörð. Ströndin er ekki aðgengileg ferðamönnum þar sem fjarlægð, ræktað land og girðingar hamla för.<sup>53</sup> Á Google Maps hafa 539 aðilar tjáð sig um „Bjarnarhöfn Shark Museum“ og gefa staðnum 4,4 stjörnur af fimm mögulegum.<sup>54</sup>

Súgandisey: Þverhnipt eyja við höfnina í Stykkishólmi sem hefur verið tengd landi með ferjubryggju og þar við er aðstaða og legupláss Breiðafjarðarferjunnar Baldurs. Eyjan er vinsæl til uppgöngu, ekki síst hjá farþegum ferjunnar. Talsverð uppbygging hefur verið á innviðum í Súgandisey á síðustu árum og þar eru tröppur, stígar og fræðsluskilti. Mjög gott útsýni er frá eyjunni yfir bæinn, Breiðafjörð og nálægar eyjar. Þrátt fyrir ágætan göngustíg er mikið af slóðum til staðar. Ýmist þar sem gestir reyna að komast nær brúnum eða þar sem fólk styttir sér leið og nokkrir sem erfiðara er að skilja t.d. til hliðar við tröppur sem liggja upp að vitanum austan megin. Á svæðinu í kringum vitann sjálfan er gróðureyðing vegna gangandi umferðar og tröppurnar við uppgöngu á eyjuna þarfnast viðhalds. Unnið er að frekari uppbyggingu og var ástandsmat Umhverfisstofnunar fyrir Súgandisey m.a. notað þegar sótt var um fjármagn til uppbyggingar og viðhalds haustið 2019. Á Google Maps hafa bæði Súgandisey og vitinn verðir merkt inn. „Súgandisey Island Lighthouse“ er með 4,6 stjörnur af fimm mögulegum og 125 umsagnir og „Súgandisey Cliff“ fjórar umsagnir og 4,3 stjörnur. Reyndar virðast fæstar umsagnir um vitann snúast um hann einvörðungu heldur svæðið í heild sinni og flestum þykir meira til útsýnisins

<sup>51</sup> Vef. Hagstofa Íslands. (2019). Stykkishólmur.

<sup>52</sup> Vef. Hagstofa Íslands. (2019). Helgafellssveit.

<sup>53</sup> Bjarnarhöfn, símtal við rekstraraðila 13. febrúar 2020.

<sup>54</sup> Vef. Google Maps „Bjarnarhöfn Shark Museum“.

koma en mannvirkisins. Margir mæla með uppgöngunni, sérstaklega ef fólk á leið um staðinn hvort eð er, nokkrir vara við erfiðum vetraraðstæðum.<sup>55</sup> Höfnin ein og sér er einnig aðdráttarafi í Stykkishólmi og finna má 26 umsagnir um hana og ferjuna Baldur á Google Maps.



*Mynd 10: Vitinn í Súgandisey. Myndin er fengin á Google Maps "Súgandisey Island Lighthouse" Ljósmyndari Hank Miller.*



*Mynd 11: Súgandisey. Þarna sjást ummerki þess að ferðamenn sækja út á brúnir. Ljósmynd: Umhverfisstofnun.*

---

<sup>55</sup> Vef. Google Maps „Súgandisey Island Lighthouse“.

## Óskipulagðir áningarstaðir í Stykkishólmsbæ og Helgafellssveit

Hofsstaðavogur: Í fuglabæklingi Breiðafjarðarnefndar er talað um að Hofsstaðavogur sé einn tilvalinna fuglaskoðunarstaða við Breiðafjörð þar sem þar er mikið og fjölbreytt fuglalíf.<sup>56</sup> Landvörður við Breiðafjörð fann enga augljósa leið að voginum þar sem að jarðir eru afgirtar hvort sem þær eru í byggð eða nýttar til sumardvala. Líklega er því ekki hægt að ræða um áfangastað þar sem að hann virðist ekki aðgengilegur nema þeim sem vel þekkja til. Ef vilji er til þess að gera veginn aðgengilegan fuglaáhugafólki er nauðsynlegt að koma fyrir bílastæði og upplýsingaskilti um gönguleið sem vísar að hentugum bletti til fuglaskoðunar án þess að farið sé í gegnum viðkvæm svæði þar sem hætta er á því að dýralíf verði fyrir truflun.

Álftafjörður: Við norðausturhorn Úlfarsfells í Álftafirði vestanverðum er útskot á veginum þar sem ferðamenn stöðva bifreiðar sínar og njóta útsýnis yfir fjörðinn. Nokkuð bratt er þaðan í fjöruna en þó má draga þá ályktun af ljósmyndum á Google Maps að einhverjir príli niður að sjónum. Staðurinn hefur verið merktur inn sem „Álftafjörður“ en þar eru einungis tvær umsagnir, þó mun fleiri hafi sett inn ljósmyndir. Bletturinn fær fimm stjörnur af fimm mögulegum.<sup>57</sup> Fjörðurinn ber nafn með rentu og er oft þéttsetin álfum yfir sumartímann. Bílum er lagt víða um fjörðinn á sumrin, ekki síst í botni hans. Útskotið er þó hið eina sem hefur verið merkt af ferðamönnum á Google Maps.



*Mynd 12: Ferðamaður mundar vélina á miðjum vegi við krappa beygju í Álftafirði. Vinstra megin má sjá jaðar útskotsins. Myndin er fengin af Google Maps "Álftafjörður". Ljósmyndari Bartosz Gierak.*

Eyjar úti fyrir Stykkishólmi: Landvörður við Breiðafjörð varð þess áskynja í samtölum sínum við heimafólk á Snæfellsnesi að eitthvað er um að kajakræðarar fari í land í eyjum úti fyrir Stykkishólmi. Í lengri ferðum hafa ferðamenn á kajak næturdvöl í eyjunum en samkvæmt náttúruverndarlögum er heimilt að tjalda utan alfaraleiðar nema annað sé tekið fram í sérreglum sem kunna að gilda um

<sup>56</sup> Breiðafjarðarnefnd. (2006)

<sup>57</sup> Vef. Google Maps „Álftafjörður“.

svæðið.<sup>58</sup> Nokkuð er um að sérreglur friðlýstra svæða á Íslandi taki til næturvala<sup>59</sup> en á verndarsvæði Breiðafjarðar eru engar slíkar reglur í gildi. Þó gildir það að óviðkomandi umferð um friðlýst æðarvörp er bönnuð á tímabilinu 15. apríl til 14. júlí nema með leyfi varpeigenda ásamt því að umferð í nágrenni arnarhreiðra, hvort sem þar er yfirstandandi varp eða ekki, er bönnuð á tímabilinu 15. mars til 15. ágúst. Enn fremur gildir að ef um hópferðir er að ræða sem ónæði geta valdið við nýttar þarf að hafa samráð við eigendur um umferð og dvöl.<sup>60</sup> Á vefnum wikiloc er að finna 26 „trökk“ kajakræðara á Breiðafirði.<sup>61</sup> Ekki fundust tög ferðamanna í Breiðafjarðareyjum á Google Maps ef Flatey er frá talin en talsvert er að finna af myndum ferðamanna bæði á Google og í vefsíðu Alta má sjá að í yfirliti yfir myndatökustaði á Flickr 2008-2018 eru nokkur tög í Breiðafjarðareyjum, einkum undan Stykkishólmi.<sup>62</sup> Ekki eru hægt að slá því föstu að þar sé bara um ferðamenn á kajak að ræða heldur má telja líklegt að meirihluti myndanna komi frá ferðamönnum í skipulögðum eyjasiglingum á bátum frá Stykkishólmi.

## Gönguleiðir

Eina merkta gönguleiðin á svæðinu er Berserkjagata. Stutt er í fjöruna, sérstaklega við upphaf hennar og enda í vogum Hraunsvíkur.<sup>63</sup> Gatan er elst sinna tegunda mannvirkja á landinu og fellur í flokk friðlýstra fornminja, hún er vörðuð á nokkrum stöðum.<sup>64</sup> Hraunið sem hún liggur um er á náttúruminjaskrá.

## Friðlýst svæði og svæði á náttúruminjaskrá

Engin friðlýst svæði innan sveitarfélaganna liggja nærri verndarsvæðinu. Öll svæðin sem eru á náttúruminjaskrá eru innan verndarsvæðisins eða aðliggjandi.

- Berserkjahraun, Hraunsfjörður og nálæg vötn eru nr. 227 á náttúruminjaskrá.
- Fjörur í Hofstaðavogi eru nr. 228 á náttúruminjaskrá.
- Fjörur í Álftafirði og Vigrafirði eru nr. 230 á náttúruminjaskrá.
- Elliðaey er nr. 241 á náttúruminjaskrá
- Höskuldsey er nr. 242 á náttúruminjaskrá.
- Vaðstakksey er nr. 243 á náttúruminjaskrá.
- Þormóðsey er nr. 244 á náttúruminjaskrá.<sup>65</sup>

## Umferð skemmtiferðaskipa

Eins og víða annars staðar hefur fjöldi skemmtiferðaskipa farið vaxandi síðustu ár í Stykkishólmi og höfnin er ein 22 hafna á landinu sem geta tekið móti skemmtiferðaskipum. Gestum skipanna, líkt og annars staðar, býðst að fara í styttri rútuferðir um Snæfellsnes en nóg er við að vera í bænum fyrir þá sem kjósa að dvelja þar. Í töflu 6 má sjá tölur síðustu ára. Fyrir árin 2020 og 2021 hafa þegar verið bókaðar 29 komur skemmtiferðaskipa í Stykkishólmshöfn.<sup>66</sup>

<sup>58</sup> Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.

<sup>59</sup> Vef. Umhverfisstofnun. (2016).

<sup>60</sup> Lög um náttúruvernd og Reglugerð um friðun tiltekinna villtra fuglategunda, friðlýsingu æðarvarps, fuglamerkingar, hamskurð o.fl.

<sup>61</sup> Vef. Wikiloc „Breiðafjörður kayaking“.

<sup>62</sup> Vef. Alta, vefsíða. Hakað við „Ferðamál – myndatökustaðir“.

<sup>63</sup> Vef. Wikiloc „Berserkjagata“.

<sup>64</sup> Vef. Arna Björk Stefánsdóttir. (2018) og Vef. Minjastofnun, minjavefsíða.

<sup>65</sup> Vef. Umhverfisstofnun b. (e.d.)

<sup>66</sup> E. Hrannar Pétursson. (25. febrúar 2020).

ÁR	KOMUR
2014	1
2015	10
2016	12
2017	15
2018	20
2019	24

**Tafla 6. Komur skemmtiferðaskipa í Stykkishólshöfn 2014-2015.**

Heimild: *Vef. Cruise Iceland b. (e.d.)* og *E. Hrannar Pétursson. (25. febrúar 2020).*

### Skipulögð ferðapjónusta

Ferjan Baldur siglir yfir Breiðafjörð frá Stykkishólmi til Brjánslækjar með viðkomu í Flatey og er það aðal aðkomuleiðin fyrir hinn almenna gest að heimsækja eyjuna. Yfir sumartímenn siglir Baldur tvisvar á dag alla daga vikunar en yfir vetrartímenn er ein ferð á dag fjórum sinnum í viku og tvær ferðir tvisvar í viku. Engar ferðir eru á laugardögum.<sup>67</sup> Rekstur ferjunnar er styrktur af Vegagerðinni þar sem að hún heldur uppi öllum samgöngum og pósthöfðum í Flatey.<sup>68</sup>

Að minnsta kosti þrjú fyrirtæki bjóða ferðamönnum upp á skipulagðar skoðunaferðir á Breiðafirði allt árið þar sem siglt er frá höfninni í Stykkishólmi. Nokkrar ferðir eru í boði og má þar m.a. nefna fuglaskoðun, veiðiferðir og kajakferðir.<sup>69</sup> Eitt fyrirtækjanna býður upp á svokallaðar sushiferðir þar sem plógur er settur út í siglingunni og gestum býðst að borða eitthvað af því sem upp kemur svo sem hörpuskel og ígulker.<sup>70</sup> Framboð og tíðni ferða veltur á árstíma og mun fleiri ferðir eru farnar yfir sumartímenn.

### Önnur nýting

Stykkishólmur er útgerðarbær og þaðan eru gerð út skip og bátar af ýmsum stærðum til fiskveiða. Í sveitarfélaginu er einnig fyrirtæki sem ræktar bláskel á línunum á nokkrum stöðum í Breiðafirði. Sama fyrirtæki hefur einnig unnið að vinnslutilraunum á beltispara sem vex á kræklingalínunum þess.<sup>71</sup> Æðardúnn er nýttur við strandlengju og í þeim eyjum sem tilheyra sveitarfélaginu en þar er mikið æðarvarp. Eitthvað er um að sjófugl sé veiddur til matar af heimamönnum og eggjataka að líkindum.

### Dalabyggð

Í Dalabyggð bjuggu 673 í janúar 2019.<sup>72</sup> Dalabyggð er að mestu landbúnaðarhérað og hefur þorpið í Búðardal byggst upp í kringum þjónustu við landbúnað en mikið af jörðum sveitarfélagsins eru enn í byggð. Búðardalur er eina þéttbýlið í sveitarfélaginu. Hvammsfjörður allur, Álftafjörður hálfur og Gilsfjörður hálfur eru innan Dalabyggðar og strandlengja verndarsvæðisins er því löng innan sveitarfélagsins, eru þá ótaldar eyjarnar sem eru margar. Lífríki og dýralíf er mismunandi eftir svæðum en fuglalíf er fjölbreyttast á Fellsströnd og Skarðsströnd þar sem stutt er á gjöful grunnsævi

<sup>67</sup> *Vef. Sæferðir a. (e.d.)*. Samkvæmt vetraráætlun 2019-2020 siglir Baldur tvær ferðir á mánudögum á tímabilinu febrúar-mars 2020.

<sup>68</sup> *Vef. Vegagerðin. (e.d.)*

<sup>69</sup> *Vef. Ocean Adventures. (e.d.)*, *Vef. Kontiki. (e.d.)* og *Vef. Vesturferðir. (e.d.)*

<sup>70</sup> *Vef. Sæferðir b. (e.d.)*

<sup>71</sup> *Vef. Íslensk bláskel og sjávargróður. (e.d.)*

<sup>72</sup> *Vef. Hagstofa Íslands. (2019). Dalabyggð*

Breiðafjarðar. Lítil uppbygging hefur verið í ferðamálum í Dalabyggð nema einna helst í gisti- og veitingaaðstöðu. Sú ferðaþjónusta sem þó er til staðar byggir að miklu leyti á söguhéraðinu Dalabyggð, landnámsmönnum og víkingum.

### **Skipulagðir áningarstaðir í Dalabyggð**

Háls á Skógarströnd: Útsýnisstaður sem er merktur við þjóðveg. Blindhæð er við hálsinn þar sem ferðamenn eru hvattir til þess að stoppa og bílastæði er afmarkað með liggjandi staurum sjávarmegin en áningarborð er fjallsmegin. Hætta getur skapast þegar gestir fara yfir veginn við blindhæðina til að komast að borðinu. Töluvert traðk er á svæðinu og sér á gróðri en engir skipulagðir göngustígar eru til staðar. Útsýnisstaðurinn er mikið notaður af gestum og bílastæðið annar ekki alltaf fjöldanum.



*Mynd 13: Háls á Skógarströnd. Á mynd má sjá bílastæði afmarkað með trédrumbum. Hinu megin þjóðvegur er áningarborð neðarlega í hlið. Mynd: Umhverfisstofnun.*

Fuglaskoðun í Búðardal: Í fjörunni í Búðardal, sunnanverðum, hefur verið settur upp fuglaskoðunarpallur. Pallurinn er vel staðsettur og þar eru bekkir og upplýsingaskilti um helstu fugla sem sjá má í fjörunni. Til hliðar við pallinn er stigi niður í sandfjöruna þar sem hægt er að ganga meðfram ströndinni þegar útfiri er, sjá mynd 14. Engin skilti vísa á staðinn frá götunni og hann er ekki sjáanlegur þaðan, hann nýtist því ekki nema þeim er þekkja til. Að sama skapi eru engin bílastæði við götuna og engar aðstæður til að stöðva bifreiðar. Eitthvað er þó um að bílum sé lagt í kant Ægisbrautar og sér á grasi í vegkanti. Fuglaskoðunarpallurinn og umhverfi hans voru ástandsmetin og komu vel út en helst skortir á merkingar svo ferðamenn séu meðvitaðir um tilvist svæðisins.<sup>73</sup>

<sup>73</sup> Ástandsmat fuglaskoðunarpalls í Búðardal er að finna í kafla um ástandsmat.



Mynd 14: Fuglaskoðunarpallur við Búðardal. „The Castle“. Ljósmynd fengin á Google Maps. Ljósmyndari: Jacob Vertman.

Selir í Búðardal: Við höfnina í Búðardal eru tveir selir í lítilli laug sem á sínum tíma var bjargað frá því að vera aflífaðir í Húsdýragarðinum í Reykjavík.<sup>74</sup> Laugin er staðsett nálægt fjöru á uppbyggðu svæði og náttúrunni í umhverfinu stafar ekki hættu af álagi vegna ferðamanna eins og sjá má á mynd 15. Staðurinn hefur verið merktur á Google Maps sem „Beautiful Seals“ þar sem finna má 78 umsagnir ferðamanna sem gefa honum 2,5 stjörnur af fimm mögulegum. Þeir ferðamenn sem upplýstir eru um sögu selanna og það að íslensk lög leyfa ekki að þeim sé sleppt út í náttúruna virðast jákvæðir gagnvart staðnum. Aðrar umsagnir eru mjög neikvæðar og helst gremst ferðamönnum aðbúnaður dýranna þar sem þeir eru meðvitaðir um að frjálsir selir lifa í sjónum sem er skammt undan.<sup>75</sup>



Mynd 15: Selir í Búðardal. „Beautiful Seals“ Vinstra megin við miðju sést tjörninn innan grindverks, hægra megin sést söguskilti á bílastæðinu. Mynd fengin á Google Maps. Ljósmyndari: Björn Ehlert.

<sup>74</sup> Vef. Svanhvít Lilja Viðarsdóttir. (2017) og Vef. Anna Sigríður Einarsdóttir. (2017)

<sup>75</sup> Vef. Google Maps. „Beautiful Seals“.



**Ljárskógar:** Við Ljárskóga norðan Búðardals er áningarstaður Vegagerðarinnar. Þar eru engir innviðir ss. borð eða skilti, einungis útskot á vegi þar sem hægt er að leggja bifreiðum.<sup>76</sup> Við útskotið sjávarmegin er minnisvarði um Jón Jónsson, skáld og söngmann. Um 150 m eru í fjöruna frá veginum.



*Mynd 16: Ljárskógar, útskot og áningarstaður Vegagerðarinnar. Fyrir miðri mynd er minnismerki um Jón Jónsson, útsýni er út á Hvammsfjörð. Ljósmynd: Google Street View.*

**Vogur (Hvammur):** Áningarstaður Vegagerðarinnar á Fellsströnd. Þar er útskot og söguskilti við þjóðveg þar sem stutt er í fjöru í Kjallaksstaðavogi.<sup>77</sup>

**Klofningur:** Við Klofning á Fellströnd er áningarstaður Vegagerðarinnar.<sup>78</sup> Þar er lítið bílastæði, áningarborð og skilti um fugla og landnámssögu Dalabyggðar. Bílastæðið er lítið og óslétt og ekki ýkja vel afmarkað. Stutt en ómerkt gönguleið er frá bílastæði upp á fjallið Klofning með útsýni yfir Breiðafjörð og þar er útsýnisskífa. Leiðin er að mestu troðin niður og því greinileg yfir sumartímenn þegar upp er komið fer hún yfir klappir og verða gestir því að finna þá leið sem þeim líst best á. Dalabyggð hefur hlotið styrk til hönnunar á náttúrustíg við Klofning.<sup>79</sup> Staðurinn er um 400 m frá sjó þar sem styst er. Átroðningur er ekki sjáanlegur enda ólíklegt að um sé að ræða fjölfarinn áningarstað. Svæðið við Klofning var ástandsmetið og kom vel út þó rými sé til úrbóta.<sup>80</sup> Með tilkomu Vestfjarðaleiðar verða áningarstaðir á Klofningsnesi hluti af þeim ferðahring svo hugsanlegt er að umferð við Klofning og aðra áningarstaði á þessum slóðum muni aukast á komandi árum.

---

<sup>76</sup> Vef. Vegagerðin. (2013)

<sup>77</sup> Sama heimild

<sup>78</sup> Sama heimild.

<sup>79</sup> Vef. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða. (2019)

<sup>80</sup> Ástandsmat fyrir áningarsvæði við Klofning er að finna í kafla um ástandsmat.



Mynd 17: Klofningur. Bílastæði og áningarborð við fjallið Klofning. Ljósmynd fengin á Google Maps. Ljósmyndari Sigurtor Holm.

### Óskipulagðir áningarstaðir í Dalabyggð

Fáskrúð: Einn af vinsælli næturáningarstöðum í Dalabyggð er niður með ánni Fáskrúð. Slóði liggur frá vegi norðanmegin við brúna í átt að fjöru. Þar er algengt að sjá tjöld og önnur ferðahýsi þegar kvöldar en þarna er ekki tjaldstæði. Á mynd 18 má sjá slóðann og svæðið þar sem ferðamenn gista.



Mynd 18: Brú yfir Fáskrúð til hægrí. Fyrir miðju má sjá hluta slóðans sem liggur í átt að fjöruborðinu hvar ferðamenn tjalda gjarnan. Mynd er fengin af Google Maps Street View, Vestfjarðavegur.

Gilsfjörður við Ólafsdal: Í Gilsfirði neðan Þjóðvegur við Ólafsdal er vegslóði sem liggur niður að fjöru. Þar hefur verið smávægilegt malarnám og slóðinn liggur í tvær áttir, annars vegar í námuna og hins vegar að fjöruborði. Ekkert bílastæði eða innviðir eru til staðar og því eru hjólför dreifð.

## Gönguleiðir

Ein skipulögð gönguleið er við sjávarsíðuna í sveitarfélaginu og liggur hún frá fuglaskoðunarpallinum í fjörunni í Búðardal, meðfram ströndinni og að Laxá sem er sunnan við þorpið. Þessa leið er hægt að ganga fram og til baka eða fara upp með Laxá og eftir göngustíg meðfram þjóveginum inn í þorpið aftur. Stígnum er vel við haldið, efni hefur verið borið í hann og grindur lagðar, sjá mynd 19. Á stöku stað þar sem stígurinn fer um klappir rennur vatn yfir hann sem getur reynst varasamt í frosti. Merkingar skortir, það eru engar upplýsingar um stíginn, hvert hann liggir og hversu langur hann er.



Mynd 19: Göngustígur meðfram fjöruborði innan Búðardals og í nágrenni. Mynd: Umhverfisstofnun

## Friðlýst svæði og svæði á náttúruminjaskrá

Engin friðlýst svæði eru innan Dalabyggðar. Öll svæðin á náttúruminjaskrá eru innan verndarsvæðisins eða aðliggjandi.

- Skeljaleifar í Kaldrana eru nr. 233 á náttúruminjaskrá.
- Lambey og Steindórseyjar eru nr. 245 á náttúruminjaskrá.
- Hrapsey og Klakkeyjar eru nr. 246 á náttúruminjaskrá.
- Rauðseyjar eru nr. 247 á náttúruminjaskrá.<sup>81</sup>

## Umferð skemmtiferðaskipa

Umferð skemmtiferðaskipa er engin á þeim hluta verndarsvæðisins sem tilheyrir Dalabyggð. Hvammsfjarðaröstin er ekki fær stórum skipum vegna grynninga og í Búðardal er því einungis smábátahöfn.

---

<sup>81</sup> Vef. Umhverfisstofnun b. (e.d.)

## Skipulögð ferðapjónusta

Engin skipulögð ferðapjónusta er á sjó í Dalabyggð.

### Önnur nýting

Nokkur útgerð er frá Skarðsstöð á Skarðsströnd, þá helst með grásleppu. Fjöldi báta sem gerðir eru út er mismunandi milli ára. Tilraunaveiðar á krabba og beitukóng hafa verið frá Búðardal og kræklingalínur eru innst í Hvammsfirði.<sup>82</sup> Nokkrir æðarbændur eru í Dalabyggð og eru flestir þeirra á Skarðsströnd þar sem eyjar, hólmar og sker eru hluti af jarðeignum. Sömu bændur tína eitthvað af sjófuglseggjum og selveiði er stunduð frá einum bæ svo vitað sé.

## Reykhólahreppur

Í sveitarfélaginu bjuggu 258 þann 1. janúar 2019.<sup>83</sup> Í Reykhólahreppi, líkt og í Dalabyggð, var landbúnaður lengi aðal atvinnuvegurinn en óvígða voru hlunnindi talin meiri og betri en á Reykhólum áður fyrr enda má þar finna m.a. Bátasafn Breiðafjarðar og Hlunnindasýningu. Þörungaverksmiðjan var stofnuð árið 1975 og þá tók þéttbýli að myndast á Reykhólum en lykilþáttur í því starfi er að á Reykhólum er heitt vatn og stutt er á þangsláttumið.<sup>84</sup> Bærinn er ekki fjölmennur ferðamannastaður þar sem að Vestfjarðavegur liggur ekki í gegnum þéttbýlið heldur þurfa þeir sem þar vilja koma við að leggja lykku á leið sína. Umræða hefur skapast um Reykhóla og þjóðveginn í tengslum við fyrirbyggjandi vegabætur í Gufudalssveit og sýnist þar sitt hverjum sem þekkt er.

### Skipulagðir áningarstaðir í Reykhólahreppi

Minnismerki um Gest Pálsson: Skammt frá bænum Miðhúsum í Reykhólahreppi er útskot sjávarmegin vegar með minnismerki um Gest Pálsson.<sup>85</sup> Um 450-500 metrar eru í fjöruna þar sem styst er en ummerki þess að fólk leiti í fjöruna eru ekki greinanleg.



Mynd 20: Útskot Vegagerðarinnar nálægt Miðhúsum. Myndin er fengin af Google Maps, minnismerki um Gest Pálsson, Reykhólasveitarvegur Street View.

<sup>82</sup> Vef. Dalabyggð. (2019)

<sup>83</sup> Vef. Hagstofa Íslands. (2019). Reykhólahreppur.

<sup>84</sup> Vef. Reykhólahreppur. (2012)

<sup>85</sup> Vef. Vegagerðin. (2013)

**Miðjanes:** Áningarstaður Vegagerðarinnar við Miðjanes í Reykhólasveit.<sup>86</sup> Þar er eitt áningarborð og um 280 m í fjöru en yfir ræktað land að fara svo ólíklegt má telja að að ferðamenn leiti þangað. Útsýnið yfir skerjgarðana á Breiðafirði er fallett við Miðjanes sem víða annars staðar á þessum slóðum.<sup>87</sup>



Mynd 21: Áningarstaður Vegagerðarinnar við Miðjanes í Reykhólasveit. „Reykhólar Restaurant“. Ljósmynd fengin af Google Maps. Ljósmyndari: Sigurtor Holm.

**Þorskafjörður:** Við jörðina Skóga í Þorskafirði er minningarreitur um Matthías Jochumsson í umsjón Vegagerðarinnar.<sup>88</sup> Þar má finna stórt snúningsplan, áningarborð og söguskilti. Um 150 metrar eru í fjöruna frá bílplaninu en ekkert sýnilegt álag á gróðri sem bendir til þess að ásókn sé fjöruna.<sup>89</sup>



Mynd 22: Minningarreitur um Matthías Jochumsson í Þorskafirði. „Rastplatz Kollafjörður“ [svo]. Ljósmynd fengin af Google Maps. Ljósmyndari: Helena Geri.

<sup>86</sup> Vef. Vegagerðin. (2013)

<sup>87</sup> Vef. Google Maps. „Reykhólar Restaurant“.

<sup>88</sup> Vef. Vegagerðin. (2013)

<sup>89</sup> Vef. Google Maps. „Rastplatz – Kollafjörður“.

Mjóafjörður: Austanmegin brúarinnar yfir Mjóafjörð er áningarstaður Vegagerðarinnar. Þar er malbikað bílaplan og áningarborð. Útsýni er fallett og um 150 metrar í fjöruna en auðvelt er að ganga þangað. Enginn sýnilegur átroðningur er á svæðinu.

Flatey á Breiðafirði: Flatey er hvort tveggja eina eyjan á Breiðafirði sem er aðgengileg hinum almenna ferðamanni og eina eyjan þar sem er heilsársbúseta. Hluti eyjunnar er friðlýstur sem friðland og er í umsjón Umhverfisstofnunar en eiginleg landvarsla er ekki fyrir hendi þar sem einungis er um lágmarkseftirlit landvarða í Vatnsfirði að ræða yfir sumartímann. Samkvæmt friðlýsingarskilmálum er friðlandið lokað fyrir umferð frá 15. apríl til 15. ágúst en á aðkomuskiltum kemur fram að lokunartíminn sé 15. maí til 20. júlí.<sup>90</sup> Stefnt er að endurskoðun friðlýsingar í Flatey en sú vinna hefur tafist nokkuð, þó verða áform auglýst árið 2020.<sup>91</sup> Þorpið sjálft var skilgreint sem verndarsvæði í byggð sumarið 2019.<sup>92</sup>

Í Flatey kemur ferjan Baldur við tvisvar á dag yfir sumartímann og eins og sjá má í töflu 1 í umferðarkafla skýrslunnar heimsækja um 30% af farþegum Baldurs eyjuna. Nokkur ferðapjónusta er í Flatey yfir sumartímann og þar er m.a. rekið sumarhótel og veitingastaður. Heimamenn bjóða farþegum skemmtiferðaskipa upp á leiðsögn um eyjuna og a.m.k. einn aðili býður ferðamönnum upp á kajakferðir í nágrenninu.<sup>93</sup> Ferðapjónusta er lítil sem engin yfir vetrartímann þó Baldur sigli þangað eftir sem áður.

Lagðir hafa verið göngustígar í eyjunni utan friðlands en innan friðlandsins er aðeins um troðninga að ræða. Við bryggjuna í Flatey er upplýsinga- og söguskilti um Breiðafjörð. Nokkur fuglaskilti eru í eyjunni og við friðlandsmörk beggja vegna eru aðkomuskilti sem tilgreina lokunartíma þess en þar er líka friðlýst æðarvarp. Að sögn heimamanna virða langflestir gestir lokunina. Skiltin í eyjunni eru börn síns tíma og kominn tími á endurnýjun en þau eru mikið veðruð og merkt Náttúruvernd ríkisins.

Flatey er eðli málsins samkvæmt einangruð og þangað villast fáir nema þeir sem hafa eyjuna á ferðaplani sínu, því eru fáar umsagnir um svæðið á Google Maps en þó má finna fjórar um eyjuna sjálfa, fjórar um Flateyjarkirkju og tvær um friðlandið. Ferðamenn gefa svæðinu 4-5 stjörnur af fimm mögulegum.<sup>94</sup> Haustið 2019 setti ferða- og upplýsingasíðan Big 7 Travel fram lista yfir 50 áhugaverðustu eyjar í heimi og þar trónaði Flatey á Breiðafirði á toppi listans.<sup>95</sup>

Flatey, bæði innan og utan friðlands var ástandsmetin og kom vel út, þó sýnu betur utan friðlands.<sup>96</sup>

---

<sup>90</sup> Auglýsing um friðland í Flatey (1975)

<sup>91</sup> Vef. Umhverfisstofnun (2018)

<sup>92</sup> Vef. Alta. (2019)

<sup>93</sup> Vef. Island Kayaking. (e.d.)

<sup>94</sup> Vef. Google Maps. „Flatey“, „Flateyjarkirkja“ og „Friðland í Flatey“.

<sup>95</sup> Vef. Big 7 Travel. (2019)

<sup>96</sup> Ástandsmat fyrir Flatey, innan og utan friðlands er að finna í kafla um ástandsmat.



Mynd 23: Göngustígur sem lagður hefur verið um Flatey utan friðlands, þorpið sést fjær. Ljósmynd: Umhverfisstofnun.



Mynd 24: Innan friðlands hafa ekki verið lagðir stígar, þar eru troðningar til staðar. Fjær sést bannskilti vegna umferðar um friðlýst æðarvarp. Ljósmynd: Umhverfisstofnun.

### Óskipulagðir áningarstaðir í Reykhólahreppi

Gilsfjarðarmynni og -brú: Við norðanvert mynni Gilsfjarðar er malarsléttu sjávarmegin við þjóðveg. Þar má ósjaldan sjá bifreiðar en útsýni yfir skerjagarðinn er einstakt, einkum á fjöru. Engir innviðir eru til staðar en hjólför greinanleg. Ferðamenn eiga það einnig til að stöðva bifreiðar sínar á Gilsfjarðarbrúnni sjálfri við myndatökur. Stutt er í sjóinn en staðirnir hafa ekki verið merktir af ferðamönnum á Google Maps.



Mynd 25: Mynni Gilsfjarðar norðanvert. Fyrir miðju sést malarplan sem nýtt er til áninga. Fjær sést glitta í Gilsfjarðarbrú. Ljósmynd fengin af Google Street View.

Höfnin á Stað: Á Reykjanesi er lítil höfn við kirkjustaðinn Stað. Hún hefur verið merkt á Google Maps, þar eru tvær umsagnir og stjörnugjöfin 4,5 af fimm mögulegum.<sup>97</sup>

Eyri í Kollafirði: Við gamla flugbraut við Eyri í Kollafirði er ekið utan slóðans beggja megin til að komast á bílum í fjöruna. Eitthvað er um utanvegaakstur vestanmegin sem er líklega afleiðing af því að vegslóðinn endar þar og ekkert afmarkað svæði til að snúa við er til staðar. Nálægt Eyri er stýrishús af gömlum báti grafið í möl og er það myndefni hjá ferðamönnum. Eyri stendur mjög nálægt sjó og aðgengi að fjöru er auðvelt.



Mynd 26: Flugbrautin við Eyri í Kollafirði. Myndin er fengin af Google Street View.

Þorskafjörður: Í Þorskafirði vestanverðum er vegslóði sem liggur alveg niður í fjöru, hann virðist vera töluvert keyrður enda gott aðgengi að falletgri vaðfjöru þegar niður er komið. Þar er ekkert afmarkað svæði til að stöðva bíla á og erfitt að snúa við.

<sup>97</sup> Vef. Google Maps. „Staður harbor“.



## Gönguleiðir

Pónokkrar þekktar gönguleiðir er að finna í nágrenni fjöru á Reykhólum. Nefna má Einreykjastíg þar sem auðvelt er að njóta fuglaskoðunar í fjöru.

## Friðlýst svæði og svæði á náttúruminjaskrá

- Friðlandið Flatey: Austurhluti eyjunnar og nálægir hólmar hafa verið friðlýst frá árinu 1975, vegna fuglaverndunar. Friðlandið er lokað fyrir allri umferð á varptíma. Ábúendur njtja æðarvarp og grasnytjar.<sup>98</sup>
- Friðlandið Hrísey: Eyjan og fjaran í kringum hana voru friðlýst árið 1977. Umferð um eyjuna er bönnuð frá 15. apríl til 15. júlí nema með leyfi Umhverfisstofnunar, eyjan er nytjuð vegna æðarvarps. Nytjar á fjörugróðri og búfjárbreit er bönnuð í Hrísey.<sup>99</sup>
- Borgarland er nr. 302 á náttúruminjaskrá.
- Norðurströnd Þorskafjarðar og fjöru í Djúpafríði eru nr. 303 á náttúruminjaskrá.
- Barmahlíð við Berufjörð er nr. 338 á náttúruminjaskrá.
- Kjálkafjörður, Kerlingarfjörður og Skálarnes eru nr. 304 á náttúruminjaskrá.
- Hergilsey er nr. 332 á náttúruminjaskrá.
- Stagley er nr. 333 á náttúruminjaskrá.
- Klofningur við Flatey er nr. 334 á náttúruminjaskrá.
- Diskæðarsker er nr. 335 á náttúruminjaskrá.
- Langey við Flatey er nr. 336 á náttúruminjaskrá.
- Oddbjarnarsker er nr. 337 á náttúruminjaskrá.<sup>100</sup>

## Umferð skemmtiferðaskipa

Árið 2019 var fyrst byrjað að rukka hafnargjöld af skemmtiferðaskipum í Flatey og starfsmaður ráðinn til að fylgjast með komu skipanna. Farþegafjöldi var áætlaður 150-250 farþegar í hvert sinn og heimamenn hafa boðið gestum skipanna upp á leiðsögn um eyjuna.<sup>101</sup> Í ársbyrjun 2020 hafa níu komur skemmtiferðaskipa í Flatey verið bókaðar fyrir sumarið 2020.

ÁR	KOMUR
2017	13
2018	11
2019	13

### Tafla 7. Komur skemmtiferðaskipa til Flateyjar 2017-2019.

Heimild: E. Tryggvi Harðarson (2020)

## Skipulögð ferðaþjónusta

Á Reykhólum eru unnar heilsuvörur úr þara og þar býðst gestum að kynna sér aldagamlar baðhefðir en í böðin er notast við þarahráefni frá Þörungarverksmiðjunni.<sup>102</sup> Boðið er upp á ferðir á kajak frá

<sup>98</sup> Auglýsing um friðland í Flatey (1975).

<sup>99</sup> Auglýsing um friðlýsingu Hríseyjar í Reykhólahreppi, Austur-Barðastrandarsýslu (1977).

<sup>100</sup> Vef. Umhverfisstofnun a. (e.d.)

<sup>101</sup> E. Tryggvi Harðarson. (20. janúar 2020).

<sup>102</sup> Vef. Sjávarsmiðjan. (e.d.)

Flatey.<sup>103</sup> Áður var boðið upp á eyjasiglingar frá Stað í Skáleyjar, Hvallátur og Flatey en fyrirtækið hefur hætt starfssemi og ekki fundust upplýsingar um aðra aðila sem bjóða upp á svipaðar ferðir í dag.

### Önnur nýting

Í Króksfjarðarnesi er bláskeljavinnsla. Skelin kemur víða að en við komu í vinnsluna er hún stærðarflokkuð og minnstu skeljunum skilað aftur í sjó í ræktun í Króksfirði svo þær megi stækka.<sup>104</sup>

Á Reykhólum fer fram vinnsla úr þörungagróðri úr Breiðafirði. Afurðin er nýtt m.a. í matvælaíðnað, fæðubótarefni og húðvörur. Klóþang er slegið með þangsláttuvélum en hrossapari er skorinn með greiðu á sleða sem er dreginn af skipi. Samkvæmt upplýsingum á vefsíðu fyrirtækisins eru þær reglur viðhafðar að hvert svæði er ekki slegið oftar en á 4 ára fresti svo gróðurinn nái fullum vexti á milli slátta.<sup>105</sup> Á Reykhólum er einnig unnið matarsalt úr sjó þannig að sjó er dælt í tanka þar sem óhreinindi eru sigtuð frá og afkrastinum síðan dælt á opnar pönnur sem eru hitaðar upp áður en afurðin er þurrkuð og er þá tilbúin.<sup>106</sup> Á Reykhólum er líka framleiddur blóma- og gróðuráburður úr klóþangi úr Breiðafirði. Umgjörð framleiðslunnar er ekki stór og fer fram í bílskúr framleiðandans sem selur fimm til sex tonn á ári.<sup>107</sup>

Í Reykhólasveit er töluvert um að hlunnindi séu nýtt. Margir æðarbændur eru í sveitarfélaginu, og eitthvað er um að bændur nýti egg og fugla sér til matar. Ekki er mikið um að selur sé nýttur en þó má vera að veiði sé stunduð frá örfáum bæjum.

Nokkrir bátar gera út á grásleppu frá Flatey yfir sumartímann. Eitthvað hefur verið róið til grásleppu frá Reykhólum en í minna mæli.

### Vesturbyggð

Íbúar í Vesturbyggð voru 998 í ársbyrjun 2019.<sup>108</sup> Þéttbýlisstaðirnir eru Patreksfjörður og Bíldudalur en fiskeldi og útgerð eru fyrirferðarmikil í sveitarfélaginu, þó er þar einnig nokkur landbúnaður og ferðaþjónusta. Sá hluti sveitarfélagsins sem er innan verndarsvæðis Breiðafjarðar nær frá mörkum þess í miðjum Kjálkafirði og að Ytranesi á Barðaströnd. Á Barðaströnd er byggð fremur þétt og landbúnaður er aðalatvinnuvegurinn. Höfn er á Brjánslæk og þar kemur ferjan Baldur að landi. Nokkrir áningarstaðir eru við strandlengjuna í Vatnsfirði og á Barðaströnd en gestir eru gjarnan á leið eitthvert annað og því er nokkurt gegnumstreymi umferðar án þess að áð sé, rétt eins og í Dölum og Reykhólahreppi. Vinsælir áfangastaðir ferðamanna sem eru utan verndarsvæðis Breiðafjarðar líkt og Rauðisandur, Látrabjarg og Dynjandi eru skammt undan.

### Skipulagðir áningarstaðir í Vesturbyggð

Friðlandið í Vatnsfirði: Friðlandið í Vatnsfirði nær frá Hörgsnesi austan megin fjarðar að þverá vestan megin. Innan friðlandsins eru nokkrir áningarstaðir ferðamanna, bæði skipulagðir og óskipulagðir og flestir þeirra fjölsóttustu eru innan þeirra 500 metra marka frá fjöru sem notast er við í þessari

<sup>103</sup> Vef. Island Kayaking. (e.d.)

<sup>104</sup> Vef. Nesskel. (e.d.)

<sup>105</sup> Vef. Thorverk. (e.d.)

<sup>106</sup> Vef. Nordur Salt. (e.d.)

<sup>107</sup> Vef. Reykhólahreppur. (2016)

<sup>108</sup> Vef. Hagstofa Íslands. (2019). Vesturbyggð.

samantekt. Áningarstaðir Vegagerðarinnar eru á Hörgsnesi, við Flókalund og við Þverá.<sup>109</sup> Í ljósi þess að friðlandið er í árvissri tímabundinni umsjón landvarða (frá maíbyrjun og út september síðustu ár) verða aðeins helstu áningarstaðir í Vatnsfirði tíundaðir hér. Þungamiðja umferðar um friðlandið er í kringum tjaldstæði, orlofsbyggð og hótelið sem eru skammt frá fjörunni.

Hótel Flókalundur: Í friðlandinu Vatnsfirði er rekið sumarhótel og tjaldstæði. Þar er veitingahús, bensínafgreiðsla, verslun og nálæg sumarhúsabyggð þar sem finna má steypa sundlaug. Svæðið er í nálægð við fjöruna og sækir ferðafólk talsvert í hana.



*Mynd 27: Vatnsfjörður. Hótel Flókalundur er fyrir miðri mynd, hægra megin við miðju sjást vegamót Vestfjarðavegar og Barðastrandarveggar. Lengst til hægri sést glitta í neðstu hús í orlofsbyggðinni. Myndin er fengin af Google Maps „Hótel Flókalundur“. Ljósmyndari: Jason Fritz.*

Hellulaug í Vatnsfirði: Laug sem var upphaflega hlaðin af vegagerðarmönnum á áttunda áratugnum í kringum volgru sem þarna er en talsvert hefur verið unnið að því að bæta umhverfi hennar síðan með hleðslum, göngustíg og merkingum. Laugin er 38-39° heit og er í fjöruborðinu, röska 300 m austur af Flókalundi og þaðan er fagurt útsýni yfir Vatnsfjörð. Henni er viðhaldið af staðarhöldurum þar og er vel sótt bæði af hótलगestum og öðrum gestum friðlandsins. Við laugina er baukur þar sem gestum býðst að borga fyrir afnotin og leggja til viðhalds innviða við laugina. Við bílastæðið er sorptunna og tvö skilti frá Umhverfisstofnun. Annað upplýsir gesti um dýpt og hita laugarinnar og hitt minnir á að næturdvöl er bönnuð. Bílastæðið við laugina er smátt og annar ekki umferð yfir háannatímann, þar hafa orðið óhöpp þegar gestir keyra inn á stæðið í dálitlum bratta og missa bíla sína út fyrir vegöxlina. Einhverjir gesta baða sig í sjónum en örfá skref eru frá lauginni að sjó. Hellulaug hefur verið merkt á Google Maps og þar má finna 81 umsögn. Gestir fjalla um fagurt útsýni og afslappandi umhverfi. Sumir minnast á að laugin sé falinn gimsteinn á meðan aðrir mæla með ákveðnum tímum sólarhrings til heimsóknna þar sem laugin sé þéttsetin. Hellulaug fær 4,6 stjörnur af fimm mögulegum.<sup>110</sup>

Hellulaug er einnig ranglega merkt inn á öðrum stað á Google Maps. Sú merking sem er röng sýnir hana við fjöru sunnan við Flókalund nálægt ósum Pennu og þar má oft sjá ferðamenn á rápi í kjarrinu að leita

<sup>109</sup> Vef. Vegagerðin. (2013)

<sup>110</sup> Vef. Google Maps. „Hellulaug“ a.

laugarinnar. Þeir leggja bílum sínum í kant þjóðvegarins neðan orlofsbyggðarinnar í Vatnsfirði þar sem blindhæð er og stofna sjálfum sér og öðrum þannig í hættu. Umhverfisstofnun hefur reynt að fá staðsetninguna fjarlægða af Google Maps en hefur ekki uppskorið árangur. Tagið er enn til staðar og þar má finna 42 umsagnir til viðbótar við hinar 81.<sup>111</sup>



Mynd 28: Hellulaug í Vatnsfirði. Myndin er tekin á háflóði og er fengin á Google Maps. "Hellulaug". Ljósmyndari: Frantxo Monteja.

Flókatóftir og Brjánslækjarhöfn: Eðli málsins samkvæmt fara margir ferðamenn um höfnina á Brjánslæk. Við höfnina eru svokallaðar Flókatóftir við fjöruna. Það eru friðlýstar fornminjar og Minjastofnun fékk styrk frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða árið 2015 til innviðaupbyggingar á svæðinu.<sup>112</sup> Vesturbyggð fékk að auki styrk ári síðar til að útbúa salernisaðstöðu við bryggjuna en af því verkefni varð ekki.<sup>113</sup> Í fjörunni við Flókatóftir er gömul flotbryggja sem mengar umhverfið þar sem korkur molnar stöðugt undan henni. Hún er í eigu sveitarfélagsins Vesturbyggðar.

Hagavaðall: Við bæinn Kross á Barðaströnd er lítið bílastæði í umsjá Vegagerðarinnar, fjörumeginn við Barðastrandarveg.<sup>114</sup> Þar má finna Gísla-söguskilti og áningarborð. Frá áningarstaðnum er gott útsýni yfir Hagavaðal og sérstakega fallett þegar fjara er. Mynd 29 er tekin frá áningarstaðnum. Hugsanlegt er að einhverjir ferðamenn gangi niður brattann í fjöruna en engin merki er að finna um álag á gróðri.

Sundlaugin í Laugarnesi: Neðan við Krossholt, sem er eilítil byggðakjarni á Barðaströnd, má finna sundlaug við fjöruborðið. Sundlaugin er steipt en þar er einnig lítill pottur sem hlaðinn er úr

<sup>111</sup> Vef. Google Maps. „Hellulaug“ b.

<sup>112</sup> Stjórnarráð Íslands. (2015)

<sup>113</sup> Framkvæmdasjóður ferðamannastaða. (2016)

<sup>114</sup> Vef. Vegagerðin. (2013)

náttúrugrjóti. Lítt afmarkað bílastæði er við fjöruna og talsverður bratti niður að því. Á sléttunni ofan eru upplýsingaskilti sem segja frá lauginni og sundkennslu á Barðaströnd. Sundlaugin er auglýst opin á sumrin en er þó aðgengileg allt árið. Þaðan er fallett útsýni yfir Breiðafjörð og náttúruna í umhverfinu og sumir gesta nýta tækifærið og vaða í sjónum. Til stendur að bæta umhverfi laugarinnar með styrk frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.<sup>115</sup> Á Google Maps hefur laugin verið merkt inn sem „Sundlaugin Birkimel“ og þar eru 52 umsagnir um staðinn. Gestir gefa lauginni 4,3 stjörnur af fimm mögulegum og mörgum er tíðrætt um útsýnið.<sup>116</sup>



*Mynd 29 : Myndin er tekin frá áningarstaði við bæinn Kross og sýnir innsta hluta Hagavaðals, hægra megin við miðju fjær sést sundlaugin í Laugarnesi í fjörunni. Ljósmynd fengin af Google Maps "Untitled". Ljósmyndari: Helena Geri.*

**Siglunes á Barðaströnd:** frá Siglunesi eru einungis um 4 km að mörkum verndarsvæðis Breiðafjarðar við Ytranes. Það er alls óvíst að Siglunes eigi heima undir umfjöllun um skipulagða áningarstaði en þar er þó minnisvarði um síðustu ábúendur á bænum og gestabók. Margir gestir gera sér ferð í fjöruna til að njóta útsýnis og náttúru og skoða gamla rétt og tóttir sjóbúða sem eru þar skammt frá fjöruborði. Að Siglunesi er ekki bílfær vegur og gestir þurfa að ganga nokkurn spöl frá brúnni við enda Siglunessvegar. Vegurinn er ekki merktur á Google Maps og líklegt má telja að innlendir ferðamenn séu í meirihluta þeirra sem þangað leggja leið sína. Engin ummerki um álag vegna ferðamanna er að sjá á svæðinu.

### **Óskipulagðir áningarstaðir í Vesturbyggð**

**Fjara við Rauðsdal og Reiðskörð:** neðan bæjarins Rauðsdals á Barðaströnd liggur þjóðvegurinn nálægt ljósri sandfjöru. Fjaran er falleg og dregur að sér ferðamenn svo oft má sjá bíla á flötinni, sér í lagi þegar

<sup>115</sup> Vef. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða. (2019)

<sup>116</sup> Vef. Google Maps. „Sundlaugin Birkimel“.

ferjan Baldur er nýlögst að landi með farþega. Af þjóðveginum er greinilegur gamall slóði sem er notaður en engin bílastæði eru til staðar. Vestast í fjörunni eru Reiðskörð, berggangur sem gengur út á Breiðafjörðinn, og er áhugaverður bæði fyrir sakir jarðfræði og sögu en þar var áður aftökustaður. Ábúendur í Rauðsdal hafa gert tilraunir til að loka slóðanum þegar fjær dregur. Undir grasbörðum í fjörunni má oft finna pappír og blautþurrkur.



Mynd 30: Þjóðvegur neðan Rauðsdals á Barðaströnd. Hægra megin við miðju sést sandfjaran og fjær teygja Reiðskörð sig út á Breiðafjörð. Líklegt má telja að bílalestin hafi komið úr Baldri og á myndinni sést hvar verið er að aka bíl niður að fjörunni. Ljósmynd fengin af Google Maps. "Barðastrandarvegur Road, Westfjords". Ljósmyndari: Andrey Sulitskiy.

Aðrar fjörur á Barðastönd: nokkuð ber á því að ferðamenn sækir í ljósar sandfjörur neðan bæjanna Litluhlíðar og Miðhlíðar, allt að Haukabergsvaðli. Þær eru, eins og fjaran við Rauðsdal, aðgengilegar frá þjóðvegi þaðan sem gamlir slóðar eru sjáanlegir en á þessum slóðum var flugbraut forðum. Engir innviðir eru til staðar og eitthvað er um utanvegaakstur í fjörunni eins og sést á mynd 31. Ferðamenn hafa merkt staðinn á Google Maps og ranglega nefnt svæðið „Barðastrandarsandur“. Þar eru ekki nema tvær umsagnir en báðar eru nýlegar. Þessir tveir aðilar gefa fjörunni fimm stjörnur af fimm mögulegum og annar þeirra segir hana betri en hinn fjarlæga Rauðasand.<sup>117</sup>



Mynd 31: Við fjöru nálægt Haukabergsvaðli á Barðaströnd, merki um utanvegaakstur sjást. Myndin er fengin af Google Maps "Barðastrandarsandur". Ljósmyndari: SZ.

<sup>117</sup> Vef. Google Maps. „Barðastrandarsandur“.

## Gönguleiðir

Í aðalskipulagi Vesturbyggðar er merkt forn þjóðleið á skipulagsupprætti. Leiðin nær frá rótum Kleifaheiðar út fyrir Ytranes að Sigluneshlíðum og liggur nálægt fjöru en er hvorki stikuð né merkt.<sup>118</sup> Í göngubók um Barðastrandarhrepp má finna nokkrar gönguleiðir í eða nálægt fjörum innan verndarsvæðis Breiðafjarðar í Vesturbyggð. Þar má telja hringleið sem í bókinni nefnist Litli hringur og liggur að hálfu um fjöru frá Sauðanesi að Seftjörn, leið sem nefnist Reiðskörð og Ruddys sem liggur frá fjörunni neðan Rauðsdals að stuðlabergsstapanum Ruddys og til baka. Nokkrar leiðir eru í bókinni um Hagavaðal, bæði fyrir vaðal og þvert á hann og nokkrar leiðir um Haukabergsvaðal. Að endingu leið frá Siglunesi að Fossvík á Sigluneshlíðum hvefarr endapunktur er utan verndarsvæðis Breiðafjarðar. Engin þessara leiða er merkt eða stikuð.<sup>119</sup>

## Friðlýst svæði og svæði á náttúruminjaskrá

- Vatnsfjörður: Vatnsfjörður var friðlýstur árið 1975 með það markmið að vernda náttúruna svo fólk geti notið hennar.<sup>120</sup>
- Sauðeyjar eru nr. 339 á náttúruminjaskrá.<sup>121</sup>

## Umferð skemmtiferðaskipa

Eina höfnin í sveitarfélaginu sem er innan verndarsvæðis Breiðafjarðar er á Brjánslæk en þangað hafa ekki komið skemmtiferðaskip, aðeins ferjan Baldur og smábátar. Á Patreksfirði hafa komur skemmtiferðaskipa aukist á liðnum árum og voru 33 sumarið 2019.<sup>122</sup> Ferðamönnum úr skipunum býðst að fara í rútuferðir í nágrenninu þar sem Látrabjarg og Rauðisandur hafa verið áberandi áfangastaðir en báðir eru utan verndarsvæðis Breiðafjarðar.

## Skipulögð ferðaþjónusta

Engin skipulögð ferðaþjónusta frá sjó er innan þess svæðis sveitarfélagsins sem liggur að verndarsvæðinu ef frá er talin ferjan Baldur sem siglir á milli Stykkishólms og Brjánslækjar með viðkomu í Flatey eins og áður hefur komið fram.

## Önnur nýting

Róið er til fiskjar frá bryggjunni á Brjánslæk, en mismunandi er hversu margir bátar eru starfræktir þar hverju sinni. Í Vatnsfirði er fiskeldi á landi við þverá, mjög nálægt fjöru og þar er gömul kví. Æðarbændur sinna æðarvarpi í eyjum undan Barðaströnd. Mögulega er eitthvað um að egg séu nytjuð en það hefur þó að líkindum minnkað stórum. Toppskarfur var áður mikið nýttur til matar í löndum Sauðeyja en er ekki lengur sökum fækkunar í stofni.

---

<sup>118</sup> Vef. Landmótun. (2006)

<sup>119</sup> Elva Björg Einarsdóttir. (2016)

<sup>120</sup> Auglýsing um friðland í Vatnsfirði. (1975)

<sup>121</sup> Vef. Umhverfisstofnun a. (e.d.)

<sup>122</sup> Vef. Vesturbyggð. (2019)

## Ástandsmat nokkurra svæða

Undanfarin ár hefur Umhverfisstofnun unnið að þróun verkfæris sem nýtt er til þess að meta ástand áfangastaða innan friðlýstra svæða sem eru undir álagi vegna gestakoma. Áhersla hefur verið lögð á að búa til tæki sem þjónar kröfum hlutlægni á sem bestan hátt þannig að huglægt mat þess sem framkvæmir matið komi sem minnst við sögu. Matið skiptist í þrjá meginhluta: skipulag, innviði og verðmæti. Alls er um 27 þætti eða viðföng að ræða og felur hver þáttur í sér fjórar til sex fullyrðingar þar sem hverri fullyrðingu fylgir ákveðin einkunn. Eigi tiltekinn þáttur ekki við um tiltekið svæði hverfur hann úr matinu og vægi hans núllast út. Umhverfisstofnun vinnur samkvæmt eftirfarandi flokkun þegar kemur að einkunnum sem áfangastaðir fá út úr matinu:

- Áfangastaður með heildareinkunn lægri en 5 telst rauður og er í verulegri hættu á að tapa verndargildi sínu. Þar er æskilegt að grípa til tafarlausra aðgerða. Það sama gildir ef einkunn fyrir þann hluta er fellur undir „verðmæti áfangastaðar“ er lægri en 5.
- Áfangastaður með heildareinkunn á bilinu 5-6 flokkast sem appelsínugulur áfangastaður, þ.e. hugsanleg hættu er á því að svæðið tapi verndargildi sínu og þörf er á aðgerðum til afstýringar.
- Áfangastaður með heildareinkunn 8 eða yfir telst standa vel þó hugsanlega séu tækifæri til úrbóta á einhverjum sviðum.

Samhliða landvörslu við Breiðafjörð var tekin ákvörðun um að meta fjögur svæði innan verndarsvæðisins og í nágrenni þess með ástandsmatverkfærinu. Af þeim svæðum sem ákveðið var að meta eru Flatey<sup>123</sup> og Súgandisey við Stykkishólm innan verndarsvæðis Breiðafjarðar. Að tilmælum Breiðafjarðarnefndar voru Kirkjufell og Kirkjufellsfoss einnig ástandsmetin en færa má rök fyrir því að þau svæði séu á áhrifasvæði Breiðafjarðar þar sem þau eru geysilega mikið aðdráttarafi fyrir ferðamenn í landshlutanum. Náttúrufræðistofnun hefur enn fremur lagt til að Kirkjufell falli til verndarsvæðisins við Breiðafjörð.<sup>124</sup> Einnig voru tveir áningarstaðir í Dalasýslu ástandsmetinir: fuglaskoðunarsvæði við fjöru í Búðardal og svæðið í kringum áningarstað Vegagerðarinnar við Klofning. Sem fyrr segir er ástandsmatsverkfærið hannað til þess að meta staði sem eru undir álagi af völdum ferðamanna en af þeim svæðum sem metin voru í þessari samantekt má segja að einungis þrjú til fjögur megi flokka undir þann hatt: Súgandisey, Kirkjufellsfoss og Flatey utan friðlands og hugsanlega Kirkjufell.

Að neðan er umfjöllun um hvert svæði og tillögur til úrbóta miðað við útkomu matsins. Svæðin eru flest á vegum sveitarfélaga og er það í þeirra höndum hvort ráðist verði í úrbætur eða ekki. Ekkert svæðanna lendir á rauðum eða appelsínugulum lista en Kirkjufell kemst næst því með 6,45 í heildareinkunn. Þrjú svæði teljast sterk og eru með heildareinkunn yfir 8 en það eru Flatey utan friðlands, fuglaskoðunarpallur við fjöru í Búðardal og útsýnisstaður við Klofning. Þó verður að taka tillit til þess að ekki er öruggt að þessi tilteknu svæði stæðu jafn vel ef veruleg aukning yrði á gestakomum.

### Flatey - friðland

Friðlandið í Flatey er í sjálfu sér ekki áfangastaður ferðamanna sem slíkur heldur er það frekar eyjan í heild sinni sem er aðdráttarafi en einungis hluti hennar er friðlýstur. Óheimilt er að fara um friðlandið frá 15. apríl til 15. ágúst vegna fuglaverndunar og svæðið hefur ekki verið ástandsmetið fyrr þar sem reynslan sýnir að ferðamenn virða almennt lokunartímann. Eins og kom fram í kafla þar sem fjallað er

<sup>123</sup> Flatey var metin í tvönnu lagi, þ.e. innan og utan friðlands.

<sup>124</sup> Vef. Náttúrufræðistofnun Íslands. (2018)



um Flatey er misræmi í texta í friðlýsingarskilmálum Flateyjar og texta á aðkomuskiltum, þar skeikar lokunartíma talsvert og hefur texti á skiltum verið hafður til viðmiðunar hvað aðgengi varðar en þar segir að friðlandið sé lokað fyrir umferð frá 15. maí til 20. júlí. Þar sem Baldur er aðal aðkomuleið ferðamanna til Flateyjar eru til öruggar upplýsingar um fjölda þeirra sem sækja eyjuna heim. Engar upplýsingar eru hins vegar til um hlutfallsfjölda þeirra gesta eyjunnar sem fara um friðlandið sjálft.

Flatey friðland - ástandsmat	Einkunn
Skipulag áfangastaða	5,83
Innviðir áfangastaðar	6,00
Verðmæti áfangastaðar	9,62
<b>Heildareinkunn áfangastaðar</b>	<b>7,85</b>

#### Úrbætur:

Ljúka þarf vinnu við endurnýjun friðlýsingarskilmála og útgáfu stjórnunar- og verndaráætlunar. Endurnýja þarf skilti, bæði aðkomuskilti (gert er ráð fyrir styttri lokunartíma í drögum að nýjum friðlýsingarskilmálum) og eins úr sér gengin fuglaskilti sem eru nálægt friðlandsmörkum. Koma ætti á reglulegra eftirliti landvarða og setja upp skilti við höfnina í Flatey þar sem finna má upplýsingar um friðlandið. Huga mætti að því hvort þörf er á að skilgreina útsýnisstaði og setja upp gönguteljara til að fá skýrari mynd af fjölda gesta.

#### Flatey – utan friðlands

Flatey er eina eyjan á Breiðafirði sem er aðgengileg hinum almenna ferðamanni og jafnframt sú eina þar sem er föst búseta. Innviðir í Flatey eru takmarkaðir en aðal aðkomuleiðin er með ferjunni Baldri. Árið 2019 komu tæplega 14.000 manns til Flateyjar en á nýliðnum árum voru gestirnir flestir árið 2012 þegar rúmlega 17.000 heimsóttu Flatey. Á sumrin er rekin ferðaþjónusta í eyjinni t.a.m. hótél, veitingastaður og tjaldstæði og komur skemmtiferðaskipa eru að aukast. Flatey er fyrst og fremst þekkt fyrir þorpsmynd sína, náttúru og sögu nytja og menningar.

Flatey utan friðlands - ástand	Einkunn
Skipulag áfangastaða	8,10
Innviðir áfangastaðar	7,33
Verðmæti áfangastaðar	9,62
<b>Heildareinkunn áfangastaðar</b>	<b>8,68</b>

#### Úrbætur:

Endurnýja þarf fuglaskilti og setja upp heildrænt skilti við höfnina með korti af Flatey þar sem finna má upplýsingar um innviði, þjónustu og friðlandið sbr. umfjöllun hér að ofan og leiðbeiningar um umgengni. Full ástæða er til að huga að því að koma á landvörslu í Flatey.

### Súgandisey

Súgandisey er há og brött eyja við höfnina í Stykkishólmi sem tengd hefur verið landi. Þar leggst ferjan Baldur að bryggju og eyjan er vinsæl til uppgöngu, ekki síst hjá þeim sem bíða þess að komast um borð í ferjuna en úr henni er fallett útsýni yfir Stykkishólm og Breiðafjörð. Tröppur og skipulagðir göngustígar eru til staðar auk upplýsingaskilta. Upplýsingar um fjölda þeirra sem klífa eyjuna liggja ekki fyrir.

Súgandisey- ástand	Einkunn
Skipulag áfangastaða	6,25
Innviðir áfangastaðar	7,78
Verðmæti áfangastaðar	6,92
<b>Heildareinkunn áfangastaðar</b>	<b>7,01</b>

### **Úrbætur:**

Þrátt fyrir að vel greinilegir og góðir göngustígar séu til staðar er eitthvað um villustíga en svo virðist sem gestir fari út fyrir stíga til að stytta sér leiðir ásamt því að fara út á snasir og brúnir. Hanna mætti útsýnispall/a þar sem einna helst er farið nálægt brúnum. Einnig mætti loka af villustígum með merkingum eða girðingum og græða þá upp eftir megni. Uppfæra þarf kort sem er á skilti við uppgöngu á eyjuna, en kortið sýnir aðeins hluta af göngustígnum.

### Kirkjufell

Kirkjufell er ekki innan verndarsvæðis Breiðafjarðar en færa má rök fyrir því að fjallið sé innan áhrifsvæðis þess, einkum í ljósi nálægðar og aðdráttarafls á svæðinu. Náttúrufræðistofnun hefur enn fremur mælst til þess að Kirkjufell falli til verndarsvæðisins Breiðafjarðar. Um sjálfsprottinn áfangastað er að ræða en vinsældir Kirkjufells jukust stórum eftir að það birtist í sjónvarpsþáttunum Game of Thrones. Hér er um ljósmyndafyrirsætu Íslands í flokki fjalla að ræða og fjölmargir gestir gera sér sérstaka ferð þangað. Kirkjufell er sjálfsprottinn áfangastaður, þar er engin landvarsla og þar hafa orðið alvarleg slys þegar ferðamenn ganga á fjallið en það er einungis fært reyndu og vel útbúnu göngufólki. Kirkjufell og nágrenni er í einkaeigu.

Kirkjufell - ástandsmat	Einkunn
Skipulag áfangastaða	1,90
Innviðir áfangastaðar	7,78
Verðmæti áfangastaðar	7,60
<b>Heildareinkunn áfangastaðar</b>	<b>6,45</b>

### **Úrbætur:**

Hrinda þarf í framkvæmd áætlun Grundarfjarðarbæjar um að móta áætlun um miðlun upplýsinga til ferðamanna og bæta öryggi þeirra með upplýsingagjöf og skiltum sbr. umsókn sveitarfélagsins í

Framkvæmdasjóð ferðamannastaða árið 2019.<sup>125</sup> Kanna þarf hvort tilefni er til þess að koma upp bílastæði og hvort einhvers staðar er álag á lífríki vegna umferðar. Mikilvægt er að setja upp skilti sem upplýsir ferðafólk um gönguleiðir bæði á fjallið og í kringum það (ef vilji er til þess m.t.t. þess að svæðið fellur undir þrjár jarðir í einkaeigu).

#### Kirkjufellsfoss

Kirkjufellsfoss fellur undir sömu röksemdir og Kirkjufell hér að ofan, í ljósi nálægðar við verndarsvæðið og vinsælda var tekin ákvörðun um að ástandsmeta umhverfi fossinns. Hann er, rétt eins og Kirkjufell, sjálfsprottinn áfangastaður og vinsældir hans hverfast að miklu leyti um það að snoturt er að hafa hann í forgrunni þegar fólk virðir fyrir sér fjallið. Brugðist hefur verið við því álagi sem myndast hefur á svæðinu síðustu ár og það hefur verið deiliskipulagt, unnið hefur verið að stígalagningu og svæðið hefur verið afgirt. Þegar úttekt fór fram var vinna við nýtt bílastæði yfirstandandi.

Kirkjufellsfoss - ástand	Einkunn
Skipulag áfangastaða	4,44
Innviðir áfangastaðar	9,17
Verðmæti áfangastaðar	8,08
<b>Heildareinkunn áfangastaðar</b>	<b>7,61</b>

#### **Úrbætur:**

Vinna þarf að stefnumótun með skýrri framtíðarsýn fyrir svæðið og tryggja því fjármagn til viðhalds innviða, eftirlits og vetrarþjónustu eftir þörfum. Nokkuð er um óheimila næturdvöl og margir fara út fyrir stíga og girðingar til myndatöku, auka mætti eftirlit t.d. í formi landvörslu. Setja mætti upp gönguteljara til að fá skýra mynd af fjölda gesta og vinna þarf að endurheimt gróðurs á villustígum.

#### Fuglaskoðun Búðardal

Sveitarfélagið hefur komið upp fuglaskoðunarpalli í fjöru í Búðardal sunnanverðum. Starfsmaður bæjarins sér um viðhald og eftirlit með svæðinu.

Fuglaskoðun Búðardal- ástand	Einkunn
Skipulag áfangastaða	8,33
Innviðir áfangastaðar	8,10
Verðmæti áfangastaðar	10,00
<b>Heildareinkunn áfangastaðar</b>	<b>9,14</b>

<sup>125</sup> Vef. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða. (2019)

### Úrbætur:

Koma þarf upp skilti sem vísar á útsýnispallinn við aðalgötuna til að auðvelda aðgengi að honum, staðkunnugir vita um útsýnispallinn en aðrir ekki.

### Klofningur

Klofningur er áningarstaður þar sem finna má skilti, áningarborð og útsýnisskífu. Svæðið er ekki innan verndarsvæðis Breiðafjarðar en fjaran er skammt undan og útsýni yfir fjörðinn er með eindæmum gott.

Klofningur- ástand	Einkunn
Skipulag áfangastaða	6,19
Innviðir áfangastaðar	6,67
Verðmæti áfangastaðar	10,00
<b>Heildareinkunn áfangastaðar</b>	<b>8,30</b>

### Úrbætur:

Afmarka þarf bílastæðið betur þar sem það er á mel. Göngustígur er ekki alltaf mjög greinilegur og ekki augljóst hvar hann byrjar en Dalabyggð fékk úthlutað styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða árið 2019 til hönnunar á náttúrustíg við Klofning svo ástandið horfir til betri vegar.<sup>126</sup>

## Landvarsla við Breiðafjörð - framtíðarsýn

Breiðafjörður hefur lítt verið markaðssettur í heild sinni en bæði Svæðisgarðurinn Snæfellsnes, Vesturlandsstofa og Vestfjarðastofa vinna að uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu þvert á sveitarfélagsmörk. Svæðisgarðurinn hefur unnið að þróun ferðamannastaða á Snæfellsnesi samhliða því að hvetja gesti til að staldra lengur við á svæðinu. Þróun Vestfjarðaleiðar er í fullum gangi hjá Vestfjarðastofu og Vesturlandsstofu og fyrirhugaðar samgöngubætur í sveitarfélögunum Reykahlahreppi, Vesturbyggð og Ísafjarðarbæ munu auka umferðarþunga um stóran hluta strandlengju norðanverðs Breiðafjarðar á komandi árum. Vegagerðin áætlað að þegar öllum fyrirbyggjandi vegaframkvæmdum er lokið muni umferð milli Vesturlands og Vestfjarða færast að verulegu leyti frá Djúpvegi yfir á Vestfjarðaveg vegna styttingar á leiðinni Reykjavík - Ísafjörður.<sup>127</sup> Dalabyggð hefur einnig tekið skref í átt að því að efla markaðssetningu og vinna að ferðamálum innan sveitarfélagsins.<sup>128</sup> Það eru því á lofti greinileg teikn um að í nágrenni verndarsvæðisins sé mikill áhugi og vilji til eflingar á ferðaþjónustu og svæðið býður upp á mikla möguleika í þeim efnum. Náttúrufræðistofnun hefur bent á að þær ógnir sem snúa að verndarsvæðinu við Breiðafjörð séu m.a. vaxandi ferðamennska og vegagerð.<sup>129</sup>

Við fyrstu sýn virðast fæstir áningarstaðir á landi, innan verndarsvæðis Breiðafjarðar, vera undir slíku álagi að grípa þurfi til tafarlausra framkvæmda þó víða megi gera bragarbót. Mest ríður á því að teknar

<sup>126</sup> Vef. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða. (2019)

<sup>127</sup> Vef. Vegagerðin b. (2019), bls. 99.

<sup>128</sup> Vef. Skessuhorn. (2020)

<sup>129</sup> Vef. Náttúrufræðistofnun Íslands. (2018).

verði ákvarðanir um það hvert á að beina ferðmönnum og hvert ekki og fylgja þeim ákvörðunum eftir með viðeigandi uppbyggingu. Verði markaðssetning til þess að gestum verði beint á staði sem ekki þola það vegna skorts á innviðum getur það haft slæmar afleiðingar sem þekkt er. Gullin tækifæri er snúa að því að efla þekkingu á því hvernig ferðamenn fara um svæðið eru til staðar. Slík þekking myndi leiða til virkari álagsstýringar, markvissari upplýsingagjafar til ferðamanna og fræðslu um svæðin. Landvarsla á háannatíma ferðapjónustu er lykilatriði í þeim efnum.

Verndarsvæðið við Breiðafjörð er þeim annmörkum háð að mörk svæðisins á landi eru illa skilgreind og nauðsynlegt er að ráða á því bót svo sem lengi hefur verið til umræðu. Það er engum vafa undirorpið að mörg svæði í jaðri verndarsvæðisins og í nágrenni þess myndu njóta góðs af landvörslu og eftirliti. Umferð ferðamanna um Snæfellsnes er mikil og þar er skorturinn hugsanlega áþreifanlegastur. Stórir hlutar strandlengjunnar í Dölum og Reykhólahreppi eru lausir við umferð þar sem veglínur liggja enn víða langt inni í landi og útsýni og aðgengi að fjörum er skert. Innan Vesturbyggðar liggja vegir þannig að alls staðar sér til sjávar en þar er minni umferð vegna fjarlægðar og krefjandi samgangna. Í úttekkt á áningarstöðum eftir sveitarfélögum má sjá að sterkar vísbendingar eru uppi um að ferðamenn sæki í fjörur og sjávarsýn en víða við verndarsvæðið er ekki alltaf ljóst hvar best er að komast að strandlengjunni.

Í Flatey myndu bæði gestir og náttúra njóta góðs af landvörslu í eyjunni, innan og utan friðlands. Landvörslu í Flatey þyrfti að útfæra sérstaklega vel og í sátt og samtali við samfélagið. Einnig mætti samhliða kanna þörf þess að viðhafa eftirlit með ferðapjónustufyrirtækjum sem bjóða upp á siglingar um eyjar á Breiðafirði þar sem siglt er nálægt varpstöðvum en lítið er vitað um áhrif umferðar á varp. Samkvæmt Róberti Arnari Stefánssyni, forstöðumanni Náttúrustofu Vesturlands er unnið að undirbúningi vöktunar á verndarsvæðum á landsvísu um þessar mundir. Af því tilefni tók Náttúrustofa saman lista yfir svæði við Breiðafjörð sem æskilegt er að verði vöktuð, m.a. með tilliti til álags umferðar á fugla, gróður og sjávarspendýr. Nokkur dæmi um slík svæði eru:

- Flatey – álag af völdum gangandi umferðar á fugla og gróður
- Þórisólmi, Hvítabjarnarey og Birgisklettur – álag af völdum siglandi umferðar á bjargfugla, einkum ritu og toppskarfa en bátar sigla að björgum oft á dag á varptíma sem hugsanlega veldur streitu hjá fuglinum.
- Arnarvarpsstaðir við Breiðafjörð – álag af völdum gangandi og siglandi umferðar. Nokkur óðul eru á siglingaleiðum minni skemmtiskipa sem bjóða upp á eyjasiglingar með farþega. Vitað er að ernir eru almennt styggir en óvíst er hvaða áhrif skemmtisiglingar hafa á lífslíkur varpfugla eða unga.
- Súgandisey – álag af völdum gangandi umferðar á gróður.
- Útsýnisstaður við Háls á Skógarströnd – álag af völdum gangandi og akandi umferðar á gróður. Þar er skortur á innviðum, t.d. salernisaðstöðu og sorplosun.<sup>130</sup>

Allt bendir til þess að verndarsvæði Breiðafjarðar verði bráðlega tekið til gagngerrar endurskoðunar sbr. tilnefningu Náttúrufræðistofnunar Íslands á B- hluta náttúruuminjaskrár og yfirstandandi vinnu Breiðafjarðarnefndar.<sup>131</sup> Skýrari mörk og lagarammi, gestastofur, innviðaupbygging, álagsstýring, áætlanir um landvörslu og fleira verða vonandi á teikniborðinu þegar á líður í skipulagningu og ákvarðanatöku um framtíð svæðisins en það er full ástæða til að koma á landvörslu við Breiðafjörð nú þegar. Það yrði bæði náttúru, gestum, ferðapjónustu og samfélagi til heilla.

<sup>130</sup> E. Róbert Arnar Stefánsson. (3. mars 2020)

<sup>131</sup> Vef. Breiðafjarðarnefnd. (2019).

## Hugmyndir að útfærslu

Einn landvörður getur trauðla sinnt allri strandlengju Breiðafjarðar og eyjum hans ef vel á að vera. Með tilliti til stærðar svæðisins og hagkvæmnisjónarmiða mætti skoða strax hvort tækifæri eru til samlegðar landvörslu á svæðum innan og utan verndarsvæðisins í samstarfi sveitarfélaga, Breiðafjarðarnefndar, Umhverfisstofnunar og eftir atvikum annarra aðila.<sup>132</sup> Þannig gætu landverðir sinnt fleiri en einu svæði þar sem sýnileg þörf á daglangri viðveru er ekki fyrir hendi. Nokkrar leiðir mætti fara í þeim efnum ss:

- Landvörður I sinni landvörslu við svæði á landi frá mörkum verndarsvæðisins á Snæfellsnesi að Álftafirði með áherslu á fjölsóttá staði þar sem auðvelt er að ná til ferðamanna svo sem við Kirkjufell, Kirkjufellsfoss og Súgandisey, fjörur í Álftafirði og aðrar fjörur svo sem Mávahlíðarrif. Auk þess verði viðhaft eftirlit eftir þörfum í Dalabyggð að Gilsfjarðarbotni. Starfsaðstaða landvarðar yrði á Snæfellsnesi, hugsanlega á Gufuskálum.
- Landvörður II sinni landvörslu og upplýsingagjöf í Flatey, innan og utan friðlands sem og í öðrum eyjum á Breiðafirði eftir atvikum og aðstæðum. Starfsaðstaða landvarðar yrði í Flatey.
- Landverðir í Vatnsfirði annist eftirlit og umsjón með svæðinu í kringum Brjánslækjarhöfn og Flókatóftir og fjörum á Barðaströnd. Auk þess verði viðhaft eftirlit eftir þörfum í Reykhólahreppi allt að Gilsfjarðarbotni. Starfsaðstaða yrði í Vatnsfirði.

## Tillögur að framkvæmdum

Þær tillögur sem hér fara á eftir eru lausleg samantekt á hugsanlegum úrbótaatriðum nokkurra svæða úr útekt á skipulögðum og óskipulögðum áningarstöðum innan verndarsvæðisins og í nágrenni þess. Fjallað er nánar um öll þessi svæði í kafla um sveitarfélögin frammar í skýrslunni. Í flestum tilfellum er nauðsynlegt að fram fari samtal við landeigendur, réttihafa lands, sveitarfélög og aðra hlutaðeigandi um það hvort vilji manna stendur til þess að gera aðgengi að tilteknum stöðum auðveldara með uppbyggingu innviða eða hvort vilji stendur frekar til þess að beina ferðamönnum frá með lokunum. Nokkur svæði ætti að taka út og ástandsmeta til viðbótar við þau sem voru ástandsmetin haustið 2019 og þá gjarnan í samtali við Náttúrustofu Vesturlands, þar sem niðurstöður um álag á náttúru gætu hagnast báðum aðilum.

### Snæfellsnes:

- Búlandshöfði: Merkja bílastæði á áningarstað Vegagerðarinnar eða koma fyrir leiðbeinandi skiltum um hvernig best er að leggja bílum.
- Mávahlíðarrif: Afmarka bílastæði og loka fyrir akstur í fjöru með girðingu og tákmyndum.
- Kirkjufellsfoss: Setja upp gönguteljara til að fá skýrari mynd af fjölda gesta og vinna að endurheimt gróðurs á villustígum. Tengja nýtt bílastæði við göngustíg. Að öðru leyti vísast í úrbótatillögur í ástandsmati.
- Útsýnisstaður vestan Grundarfjarðarbæjar: Kanna hvort tilefni er til þess að opna á aðgengi í fjöru eða beina fólki enn frekar frá henni með uppsetningu skilta eða tákmynda sbr. slóða utan girðingar.
- Kolgrafafjörður- áningarstaður: Skipta út máðum skiltum.
- Kolgrafafjarðarbrú: Hefja framkvæmdir skv. deiliskipulagi.
- Kirkjufell: Hefja framkvæmdir skv. áætlunum Grundarfjarðarbæjar er lúta að öryggi ferðamanna. Kanna hvort vilji er til þess að hringleið um fjallið verði kynnt ferðamönnum og

<sup>132</sup> Sveitarfélög á Vesturlandi hafa t.a.m. bent á þörf á landvörslu í landshlutanum. Sjá: Markaðsstofa Vesturlands. (2019), bls. 45 og 91.

leggja hana þá fram sem valkost við göngu á fjallið á skilti við bílastæði. Að öðru leyti vísast í úrbótatillögur í ástandsmati.

- Súgandisey: Hanna útsýnisspalla, vinna að endurheimt gróðurs, uppfæra kort og lagfæra trétröppur við uppgang. Setja upp gönguteljara. Að öðru leyti vísast í úrbótatillögur í ástandsmati.
- Hofstaðarvogur: Koma fyrir bílastæði, korti og stikaðri leið að fjöru ef vilji er til þess að gera staðinn að aðgengilegum fuglaskoðunarstað.
- Álftafjörður: Útbúa bílastæði við útsýnisstað og setja upp fuglaskilti. Huga að öryggi vegfarenda við útskot við Úlfarsfell.

#### **Dalabyggð:**

- Háls á Skógarströnd: Hanna útsýnisstað með göngustíg og skiltum, lagfæra bílastæði, koma áningarborði fyrir sjávarmegin við veg.
- Fuglaskoðun í Búðardal: skipuleggja bílastæði og merkja með skiltum til að auðvelda aðgengi.
- Klofningur: Afmarka bílastæði betur. Útbúa náttúrustíg sbr. áætlanir Dalabyggðar.
- Fjara við Fáskrúð: Loka slóða með reipi og setja upp leiðbeinandi skilti með banni við næturdvölum. Tjaldsvæði eru í nágrenninu.
- Gilsfjörður við Ólafsdal: Loka slóða niður að fjöru.
- Göngustígur í Búðardal: Setja upp skilti með upplýsingum um stíginn.

#### **Reykhólahreppur:**

- Flatey: Setja upp skilti við bryggju með heildstæðum upplýsingum um Flatey, göngustíga, þjónustu og friðland. Ljúka vinnu við endurnýjun friðlýsingarskilmála og gefa út verndaráætlun sbr. yfirstandandi vinnu Umhverfisstofnunar. Endurnýja fuglaskilti utan friðlands og huga að þörf á því að skilgreina útsýnisstaði innan friðlands. Setja upp gönguteljara við friðlandsmörk. Að öðru leyti vísast í úrbótatillögur í ástandsmati.
- Gilsfjarðarmynni og -brú: Útbúa bílastæði og útsýnisstað með skiltum ef vilji er til þess og kröfum um umferðaröryggi er fullnægt.
- Eyri í Kollafirði: Girða fyrir akstur í fjöru með reipi og merkingum.

#### **Vesturbyggð:**

- Fjara við Flókatóftir: Fjarlægja mengandi flotbryggju úr fjöruborði.
- Fjara við Rauðsdal og Reiðskörð: Útbúa bílastæði og setja upp upplýsingaskilti um sögu og jarðfræði Reiðskarða.
- Aðrar fjörur á Barðaströnd: Koma í veg fyrir utanvegaakstur í fjörum með bílastæðum, reipi og merkingum.

## Lokaorð

Í ljósi þess að landvörður við Breiðafjörð var við störf á árstíma sem ekki nýttist ýkja vel til könnunar á ferðahegðun er ljóst að samantektin leið nokkuð fyrir það og skýrslan byggir að stórum hluta á gögnum sem safnað var eftir að eiginlegri landvörslu lauk í desember 2019. Ekki verður dregið í efa að í úttektina vantar svæði sem ferðamenn sækja á í einhverjum mæli og betri yfirferð landvarða við Breiðafjörð á hánnatíma ferðapjónustu er nauðsynleg þó vonir standi til þess að skýrslan nýtist í þeirri vinnu sem framundan er.

Á internetinu er að finna miklar upplýsingar um áninga- og áfangastaði ferðamanna og vísbendingar um ferðahegðun. Við Breiðafjörð, svo sem á öðrum svæðum, getur frjálts og óheft markaðssetning ferðamanna sjálfra í gegnum umsagnir, stjörnuvjöf, leiðbeiningar og ljósmyndir haft áhrif á þá sem nýta sér netið við upplýsingaleit og er þá helst vísað til þjónustu Google Maps og samfélagsmiðla. Slík markaðssetning lýtur ekki neinum lögmálum og ekkert eftirlit er með því að hún sé ábyrg sem er áhyggjuefni. Enn fremur getur slík markaðssetning haft umtalsverð áhrif á það hvert þungi þeirra ferðamanna sem á eftir koma beinir sjónum sínum og upp geta sprottið áfangastaðir sem eru ekki undir það búnir að taka við miklum fjölda fólks.

Náttúrufræðistofnun tilnefndi Breiðafjörð á B-hluta náttúruminjaskrár árið 2018 og dró þar fram nauðsyn þess að verndun svæðisins verði betur tryggð. Í framhaldinu hrinti Breiðafjarðarnefnd í framkvæmd áætlun sinni um að nýta árið 2020 í samráðsvinnu og samtal hlutaðeigandi aðila um framtíð Breiðafjarðar. Nefndin hefur meðal annars vakið máls á því hvort tilefni sé til þess að breyta markmiðum friðunar og í því tilliti hefur verið fjallað um ólíkar nálganir og hugmyndir um Breiðafjörð sem þjóðgarð, Ramsar svæði og Unesco svæði svo eitthvað sé nefnt.

Blikur eru á lofti um eindreginn vilja samfélaganna við Breiðafjörð til eflingar á ferðapjónustu og betri kynningar á svæðinu. Full ástæða er til þess að skoða mögulegar lausnir á því að koma á landvörslu við Breiðafjörð, ef ekki á svæðinu í heild sinni þá við þau svæði þar sem gestakomur eru tíðar, innviði skortir og upplýsingavjörð er lítil. Hlutverk landvarða er að gæta þess að ákvæði laga um náttúruvernd, sérlega, verndaráætlana og annarra stjórnvaldsfyrirmæla séu virt, koma á framfæri upplýsingum og fræðslu til ferðafólks um náttúru og sögu svæða auk þess að sjá um daglegan rekstur og viðhald. Landvarsla við Breiðafjörð myndi enn fremur auka við þá þekkingu sem enn skortir á um ferðahegðun þeirra sem sækja fjörðinn heim og á hvaða staði er sótt. Öll framtíðarvinna er snýr að því að taka ákvarðanir um forgangsröðun innviðauppbyggingar til stýringar yrði auðveldari með tilkomu landvörslu á svæðinu.

Landvarsla við Breiðafjörð yrði svæðinu til mikilla heilla.



## Heimildaskrá

### Prentaðar heimildir

Auglýsing um friðland í Flatey. (1975) *Stjórnartíðindi B-deild* nr. 395/1975.

Auglýsing um friðland í Melrakkæy. (1974). *Stjórnartíðindi B-deild* nr. 118/1974.

Auglýsing um friðland í Vatnsfirði. (1975). *Stjórnartíðindi B-deild* nr. 96/1975.

Auglýsing um friðlýsingu Hríseyjar í Reykhólahreppi, Austur-Barðastrandarsýslu. (1977) *Stjórnartíðindi B-deild* nr. 425/1977.

Breiðafjarðarnefnd. (2006). *Fuglalíf á Breiðafirði*. Bæklingur.

Breiðafjarðarnefnd. (2014). *Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð: 2014-2019*. Stykkishólmur: Breiðafjarðarnefnd.

Elva Björg Einarsdóttir. (2016). *Barðastrandarhreppur göngubók*. Reykjavík: Elva Björg Einarsdóttir.

*Lög um náttúruvernd* nr. 60/2013.

Markaðsstofa Vesturlands. (2019). *Áfangastaðaáætlun Vesturlands 2018-2020*. Stykkishólmur: Ferðamálastofa.

*Reglugerð um friðun tiltekinna villtra fuglategunda, friðlýsingu æðarvarps, fuglamerkingar, hamskurð o.fl* nr. 252/1996.

### Óprentaðar heimildir

#### E. Skjöl í einkavörslu

Eimskip (2006). *Farþegaflutningar Baldur 2004-2019*, excel skjal, búið til 17. október 2006 af Maríu en uppfært síðan.

Hrannar Pétursson (25. febrúar 2020). *RE: Fyrirspurn frá Umhverfisstofnun: Komur skemmtiferðaskipa í Stykkishólmshöfn 2014-2019*. Tölvupóstur til Eddu Kristínar Eiríksdóttur.

Róbert Arnar Stefánsson (3. mars 2020). *RE: Samantekt um landvörslu við Breiðafjarðarnefnd*. Tölvupóstur til Eddu Kristínar Eiríksdóttur.

Tryggvi Harðarson (20. janúar 2020). *RE: Fyrirspurn frá Umhverfisstofnun – komur skemmtiferðaskipa í Flatey*. Tölvupóstur til Eddu Kristínar Eiríksdóttur.

#### Vef. Vefheimildir

Alta. (2018). „Deiliskipulag áfangastaðar við Kolgrafafjörð. Greinargerð og skipulagsskilmálar“. Sótt 12. febrúar 2020 af <http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=06636664844175109409>

Alta. (2019). „Verndarsvæði í byggð. Þorpið í Flatey á Breiðafirði. Tillaga og greinargerð“. Sótt 28. febrúar 2020 af <https://drive.google.com/file/d/1OIIAgnZbY20trxYI9IBAQp1Z0XM40z-P/view>

Alta. (e.d.) „Vefsja Alta“. Sótt 19. febrúar 2020 af <https://www.vefsja.is/>

Anna Sigríður Einarsdóttir. (2017). *Morgunblaðið*. „Selirnir fá framhaldslíf í Búðardal“. Sótt 20. febrúar 2020 af [https://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/09/30/selirnir\\_fa\\_framhaldslif\\_i\\_budardal/](https://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/09/30/selirnir_fa_framhaldslif_i_budardal/)

Arna Björk Stefánsdóttir. (2018). „Vegminjar Snæfellsnes, Vestfirðir og Norðvesturland“ Sótt 5. febrúar 2020 af [https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/veminjar\\_snafellsnes\\_vestfirdir\\_nordvesturland\\_2018/\\$file/Vegminjar%20Nor%C3%B0vestur%20og%20vesturland%202018%20minna.pdf](https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/veminjar_snafellsnes_vestfirdir_nordvesturland_2018/$file/Vegminjar%20Nor%C3%B0vestur%20og%20vesturland%202018%20minna.pdf)

Bergljót Baldursdóttir. (2018). RÚV. „Markaðssettu stærri höfn á Grundarfirði“. Sótt 12. febrúar 2020 af <https://www.ruv.is/frett/markadssettu-staerri-hofn-a-grundarfirdi>

Big 7 Travel. (2019). „Best islands in the world 2020“. Sótt 1. mars 2020 af <https://bigseventravel.com/2019/09/the-50-best-islands-in-the-world-for-2020/>

Breiðafjarðarnefnd. (2019). „Framtíð Breiðafjarðar“. Sótt 29. febrúar af <https://www.breidafjordur.is/category/framtid-breidafjardar/>

Breiðafjarðarnefnd. (e.d.) „Breiðafjarðarnefnd skipuð 9. júní 2017“. Sótt 30. janúar 2020 af <http://www.breidafjordur.is/breidafjardarnefnd/breidafjardarnefnd/+>

Cruise Iceland a. (e.d.) „Grundarfjörður“. Sótt 12. febrúar 2020 af <http://www.cruiseiceland.com/harbor/grundarfjordur/>

Cruise Iceland b. (e.d.) „Statistics“. Sótt 17. febrúar 2020 af <http://www.cruiseiceland.com/about-us/statistics/>

Dalabyggð. (2019) „Áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa skipa“. Sótt 20. febrúar 2020 af <http://fundarger.dalir.is/displaydocument.php?itemid=pdSFmpbZkiKjPjXnQoAgA&meetingid=1908002F%20%20%20%20%20%20&filename=B%C3%BA%C3%B0ardalsh%C3%B6fn-%C3%81%C3%A6tlun%20um%20m%C3%B3tt%C3%B6ku%20og%20me%C3%B0h%C3%B6ndlun%20%C3%BArga.pdf&cc=Document>

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða. (2016). „Framkvæmdasjóður ferðamannastaða“. Sótt 26. febrúar 2020 af <https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Frettamyndir/2016/mars/innanlandskonnun/listi-uthlutun-styrkja-2016-ur-framkvaemdasjodi-ferdamannastada.pdf>

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða. (2019). „Framkvæmdasjóður ferðamannastaða FF14 – 2019 tillaga stjórnar að styrkþegum ásamt rökstuðningi fyrir úthlutun.“ Sótt 25. febrúar 2020 af <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=2f35e738-507e-11e9-9439-005056bc530c>

Google Maps „Álftafjörður“. Sótt 14. febrúar 2020 af <https://goo.gl/maps/2tneQ2SUUsggDRGv9>

Google Maps „Barðastrandavegur road, Westfjords“. Sótt 25. febrúar 2020 af <https://goo.gl/maps/x1FuyFDGRz9swrWA9>

Google Maps „Barðastrandarsandur“. Sótt 11. febrúar 2020 af <https://goo.gl/maps/zrUuuEEcmM5xWh8W7>

Google Maps „Beautiful Seals“. Sótt 20 febrúar 2020 af <https://goo.gl/maps/K12yaSCpettZWqiFA>

Google Maps „Bjarnarhöfn Shark Museum“. Sótt 13. febrúar 2020 af <https://g.page/Sharkmuseum?share>

Google Maps „Bonica platja negra amb mala mar“. Sótt 9. febrúar 2020 af <https://goo.gl/maps/DaQQ9E1o4jdHs5CU8>

Google Maps „Búlandshöfði View Point“. Sótt 9. febrúar 2020 af <https://goo.gl/maps/5KR4LLryovm9H6kj7>

Google Maps. “Eyri í Kollafirði”. Vestfjarðavegur Street View. Sótt 26. febrúar 2020 af <https://goo.gl/maps/QDtp9uYE4PmBvfYJ7>

Google Maps. Fáskrúð. Vestfjarðavegur Street View. Sótt 20. febrúar 2020 af <https://goo.gl/maps/QjVnUdgzA5o3eco4A>

Google Maps. „Flatey“. Sótt 25. febrúar 2020 af <https://www.google.is/maps/@65.3736176,-22.9133218,15.54z?shorturl=1>

Google Maps „Giant Padlock“. Sótt 10. febrúar 2020 af <https://goo.gl/maps/trSW6pRWx8cfgzUF8>

Google Maps „Hellulaug“ a. Sótt 25. febrúar 2020 af <https://goo.gl/maps/Nv5CGMslSzTpTZx89>

Google Maps „Hellulaug“ b. Sótt 25. febrúar 2020 af <https://goo.gl/maps/wAx8NHFW13G6k6qUA>

Google Maps „Hótel Flókalundur“. Sótt 25. febrúar 2020 af <https://goo.gl/maps/M4oc1VYWa4KUkGw2A>

Google Maps. „Kirkjufell Mountain“. Sótt 10. febrúar 2020 af <https://goo.gl/maps/j2HuDguYs65yfok79>

Google Maps. „Kirkjufellsfoss“. Sótt 12. febrúar 2020 af <https://goo.gl/maps/G32qCtQd26ADV6bx8>

Google Maps. „Kolgrafafjörður“. Sótt 12. febrúar 2020 af <https://goo.gl/maps/qA9nEhnWwHPDh1ZP6>

Google Maps. „Kolgrafafjörður Viewpoint“. Sótt 12. febrúar 2020 af <https://goo.gl/maps/51rWX59hkHkaH84E9>

Google Maps. „Kvíabryggja Prison“. Sótt 10. febrúar 2020 af <https://goo.gl/maps/mNyr9NgNTVPEcUdKA>

Google Maps. Ljárskógur. Vestfjarðavegur Street View. Sótt 19. febrúar 2020 af <https://goo.gl/maps/shgAd35ZcNB9SCeWA>

Google Maps. Minnismarki um Gest Pálsson. Reykhólasveitarvegur Street View. Sótt 21. febrúar 2020 af <https://goo.gl/maps/STs6veKoiRAHpXmx6>

Google Maps. „Rastplatz – Kollalfjörður“ [svo]. Sótt 24. febrúar 2020 af <https://goo.gl/maps/rXTAmV3sGhpz45Q2A>

Google Maps. „Reykhólar Restaurant“. Sótt 24. febrúar 2020 af <https://goo.gl/maps/xK8beW3QazCHxaDJ8>

Google Maps. „Staður harbor“. Sótt 21. febrúar 2020 af <https://goo.gl/maps/EXj556L5hE2TCrLy8>

Google Maps. „Sundlaugin Birkimel“. Sótt 28. febrúar 2020 af <https://goo.gl/maps/422eT1oyA5cbeeFS8>

Google Maps. „Súgandisey Island Lighthouse“. Sótt 13. febrúar 2020 af <https://goo.gl/maps/sHwTUfkmXDTLE2Mu7>

Google Maps. „The Castle“. Sótt 24. febrúar 2020 af <https://goo.gl/maps/bzqFLsJDWmRoaiAY6>

Grundarfjarðarbær a. (e.d.) Gönguleiðakort Eyrarsveit/Grf. „Grundarfjörður & surroundings – Walking paths. Sótt 10. febrúar 2020 af [http://www.grundarfjordur.is/Files/Skra\\_0075817.jpg](http://www.grundarfjordur.is/Files/Skra_0075817.jpg)

Grundarfjarðarbær b. (e.d.) Gönguleiðakort Ferðafélags Snæfellsness. Sótt 10 febrúar 2020 af [http://www.grundarfjordur.is/Files/Skra\\_0077424.jpg](http://www.grundarfjordur.is/Files/Skra_0077424.jpg)

Grundarfjarðarbær. (2018). „Skemmtiferðaskip í Grundarfirði 2018“. Sótt 10. febrúar 2020 af [http://www.grundarfjordur.is/Files/Skra\\_0078380.pdf](http://www.grundarfjordur.is/Files/Skra_0078380.pdf)

Grundarfjarðarbær. (2019). „Skemmtiferðaskip í Grundarfirði 2019“. Sótt 10. febrúar 2020 af [http://www.grundarfjordur.is/Files/Skra\\_0079294.pdf](http://www.grundarfjordur.is/Files/Skra_0079294.pdf)

Grundarfjarðarhöfn. (e.d.) „Fréttir-eftir-Fisktegundum“. Excel skjal búið til 4. nóvember 2003 af Hafsteini en breytt síðan. Sótt 10. febrúar 2020 af <https://www.grundport.is/aflig-skipakomur>

Hagstofa Íslands (2019). Mannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum 1998-2019-Sveitarfélagaskipan 1. janúar 2019. *Viðeigandi sveitarfélag*, aldur alls, ár 2019 og kyn alls valin úr fellilistum. Sótt 10. febrúar 2020 af

[https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar\\_mannfjoldi\\_2\\_byggdir\\_sveitarfelog/MAN02005.px/?rxid=ea4d57d9-841c-4114-a3f2-7179c9e51bb9](https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar_mannfjoldi_2_byggdir_sveitarfelog/MAN02005.px/?rxid=ea4d57d9-841c-4114-a3f2-7179c9e51bb9)

Instagram.com (e.d.) Sótt 8. febrúar 2020 af <https://www.instagram.com/>

Island Kayaking (e.d.) „Services“ [facebook-færsla]. Sótt 25. febrúar 2020 af [https://www.facebook.com/pg/eyjarodur/services/?ref=page\\_internal](https://www.facebook.com/pg/eyjarodur/services/?ref=page_internal)

Íslensk bláskel og sjávargróður (e.d.). „Íslensk bláskel úr Breiðafirði“. Sótt 19. febrúar 2020 af <http://blaskel.is/index.html>

Kontiki. (e.d.) „Sea kayak from Stykkisholmur“. Sótt 17. febrúar 2020 af <https://www.kontiki.is/tours/sea-kayak-from-stykkisholmur/>

Kristján Már Unnarsson. (2019). *Vísir*. „Þetta gerist þegar fjallið þitt verður allt í einu heimsfrægt“. Sótt 10. febrúar 2020 af <https://www.visir.is/g/2019190329389>

Landmótun. (2006). *Vesturbyggð. Aðalskipulag 2006-2018*. „Vesturbyggð 6. Gönguleiðir“. Sótt 28. febrúar 2020 af

<http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=03634795981698600940>

Láki Tours. (e.d.) „Our Tours“ Sótt 10. febrúar 2020 af <https://lakitours.com/our-tours/>

Markaðsstofa Vestfjarða. (e.d.) „Bæklingar og kort“. Sótt 30. janúar 2020 af <https://www.westfjords.is/is/ferdaupplýsingar/baeklingar-og-kort>

Markaðsstofa Vesturlands a. (e.d.) „Kirkjufell“. Sótt 14. febrúar 2020 af <https://www.west.is/is/west/place/kirkjufell-mountain>

Markaðsstofa Vesturlands b. (e.d.) „Útgefin efni“. Sótt 30. janúar 2020 af <https://www.west.is/is/samgongur/kort-og-ferdabaekur>

Markaðsstofur landshlutanna. (e.d.) „Um markaðsstofur landshlutanna“. Sótt 28. febrúar 2020 af <http://www.markadsstofur.is/>

Minjastofnun. Minjavefsja. Sótt 14. febrúar 2014 af <https://www.map.is/minjastofnun/>

Náttúrufræðistofnun Íslands. (2018). „Breiðafjörður“. Sótt 1. mars 2020 af <https://www.ni.is/greinar/ve-breidafjordur>

Náttúrufræðistofnun Íslands. (e.d.). „Náttúruminjaskrá“. Sótt 1. mars 2020 af <https://www.ni.is/midlun/natturuminjaskra>

Nesskel. (e.d.). „Um okkur“. Sótt 26. febrúar 2020 af <http://skelfiskur.is/umokkur.html>

Nordur Salt. (e.d.). „No environmental impact“. Sótt 26. febrúar 2020 af [https://nordurco.com/?page\\_id=920](https://nordurco.com/?page_id=920)

Ocean Adventures. (e.d.). „Join us in unforgettable ocean adventures in Stykkishólmur Iceland“. Sótt 17. febrúar 2020 af [https://oceanadventures.is/?gclid=Cj0KCQiAqNPYBRCjARIsAKA-WFwYkUARs7sinEQ7dkwCfnfsoK38KvZ7so1iu0uPHuscAQ7azpSEnrEaAsBdEALw\\_wcB](https://oceanadventures.is/?gclid=Cj0KCQiAqNPYBRCjARIsAKA-WFwYkUARs7sinEQ7dkwCfnfsoK38KvZ7so1iu0uPHuscAQ7azpSEnrEaAsBdEALw_wcB)

Reykholahreppur. (2012). „Þörungaverksmiðjan er burðarás í samfélagi sínu“. Sótt 20. febrúar 2020 af [http://www.reykholar.is/frettir/Thorungaverksmidjan\\_er\\_burdaras\\_i\\_samfelagi\\_sinu/](http://www.reykholar.is/frettir/Thorungaverksmidjan_er_burdaras_i_samfelagi_sinu/)

Reykholahreppur. (2016). „Glæðir frá Reykhólum. Loflegir dómar fagfólks“. Sótt 26. febrúar 2020 af [http://www.reykholar.is/frettir/Glaedir\\_fra\\_Reykholum\\_Loflegir\\_domar\\_fagfols/](http://www.reykholar.is/frettir/Glaedir_fra_Reykholum_Loflegir_domar_fagfols/)

Sighvatur Jónsson. (2019). *Vísir*. „Viðamikil æfing í hættulegasta fjalli landsins“. Sótt 10. febrúar 2020 af <https://www.visir.is/g/2019190519699/vidamikil-aeving-i-haettulegasta-fjalli-landsins>

Sjávarsmiðjan. (e.d.). „Sjávarböðin á Reykhólum. Soak in Seaweed“. Sótt 26. febrúar 2020 af <https://www.sjavarsmidjan.is/>

Skessuhorn. (2020). „Jóhanna María er nýr verkefnastjóri hjá Dalabyggð“. Sótt 29. febrúar 2020 af <https://skessuhorn.is/2020/01/17/johanna-maria-er-nyr-verkefnastjori-hja-dalabyggd/?fbclid=IwAR2ISstY9Hu9ZgnF8yY5hTv0OV1lGxXpJLLe2RW1Gb019Ow13kOalwy19M>

Snæfellsbær. (2018) „Skemmtiferðaskip við Ólafsvíkurhöfn“. Sótt 9. febrúar 2020 af <https://snb.is/frettir/skemmtiferdaskip-vid-olafsvikurhofn/>

Snæfellsbær. (e.d.) „Umhverfivottað Snæfellsnes í tíu ár“. Sótt 31. janúar 2020 af <https://snb.is/frettir/umhverfivottad-snaefellsnes-i-tiu-ar/>

Stjórnarráð Íslands. (2015). „Uppbygging innviða 2015 – verkefni sundurliðuð niður á landsvæði og staðsetningu. Sótt 26. febrúar 2020 af <https://www.stjornarradid.is/media/atvinnuvegaraduneyti-media/media/acrobat/uppbyggingu-innvida-2015-verkefnalisti-stafrofsrod.pdf>

Svanhvít Lilja Viðarsdóttir. (2017). Búðardalur.is. „Selir í Búðardal“. Sótt 20. febrúar 2020 af <https://budardalur.is/2017/09/26/selir-i-budardal/>

Svæðisgarðurinn Snæfellsnes. (e.d.) „Svæðisgarðsverkefnið“. Sótt 30. janúar 2020 af <https://www.snaefellsnes.is/svaedisgardur>

Sæferðir a. (e.d.). „Siglingaáætlun. Baldur“. Sótt 24. febrúar 2020 af <https://www.saferdir.is/um-ferjurnar/baldur/siglingaaaetlun/>

Sæferðir b. (e.d.) „Siglingaáætlun. Víkingasushi ævintýrasigling“. Sótt 17. febrúar 2020 af <https://www.saferdir.is/um-ferjurnar/saerun/siglingaaaetlun/>

Thorverk hf. (e.d.) „Vinnsluferli“. Sótt 26. febrúar 2020 af [https://www.thorverk.is/um\\_okkur/saga/](https://www.thorverk.is/um_okkur/saga/)

Umhverfisstofnun. (2016) „Má ég tjalda hvar sem er?“ Sótt 14. febrúar 2020 af <https://www.ust.is/2016/06/07/Ma-eg-tjalda-hvar-sem-er-/umhverfisstofnun/frettir/stok-frett/>

Umhverfisstofnun. (2018) „Friðlýsingar og stjórnunar- og verndaráætlanir 2017“. Sótt 25. febrúar 2020 af <https://ust.is/library/Skrar/utgefid-efni/Fridlysingar/fridlysingar2017.pdf>

Umhverfisstofnun a. (e.d.) „Náttúruminjaskrá. Vestfirðir“. Sótt 14. febrúar 2020 af <https://www.ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/vestfirdir/>

Umhverfisstofnun b. (e.d.) „Náttúruminjaskrá. Vesturland“. Sótt 7. febrúar 2020 af <https://www.ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/vesturland/>

Vegagerðin. (e.d.) „Ferjur“. Sótt 17. febrúar 2020 af <http://www.vegagerdin.is/siglingar/ferjur/>

Vegagerðin. (2013) „Gæðahandbók“ Áningarstaðir – Vestursvæði - Vesturland í umsjón Búðardals og í umsjón Ólafsvíkur – Snæfellsness. Áningarstaðir – Vestursvæði – Vestfirðir í umsjón Patreksfjarðar-Barðaströnd. Sótt 12. febrúar 2020 af <http://www.vegagerdin.is/sthbthjon.nsf/>

Vegagerðin. (2014) „Nýr Baldur tekur 280 farþega og 55 einkabíla“. Sótt 8. febrúar 2020 af <http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/frettir/nr/7529>

Vegagerðin a. (2019) „Tölfræði umferðar“ 9 lykilteljarar á Snæfellsnesi, Vestfjörðum og Austfjörðum. Excel skjal búið til 2. maí 2008 af Friðleifi Inga Brynjarssyni en uppfært síðan. Sótt 7. febrúar 2020 af <http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/umferdin/tolfrumferdar/>

Vegagerðin b. (2019). *Mat á Umhverfisáhrifum. Frummatsskýrsla. Vestfjarðavegur (60) um Dynjandisheiði og Bíldudalsvegur (63) frá Bíldudalsflugvelli að Vestfjarðavegi á Dynjandisheiði.* Sótt 29. febrúar 2020 af [http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/60-34\\_38\\_Frummatsskyrsla/\\$file/60\\_34-38\\_M%C3%A1u\\_2019.12.12\\_Frummatssk%C3%BDrsla\\_endanleg.pdf](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/60-34_38_Frummatsskyrsla/$file/60_34-38_M%C3%A1u_2019.12.12_Frummatssk%C3%BDrsla_endanleg.pdf)

Vestfjarðastofa a. (e.d.) „Umhverfivottun Vestfjarða“. Sótt 31. janúar 2020 af <https://www.vestfirdir.is/is/verkefni/umhverfivottun-vestfjarda>

Vestfjarðastofa b. (e.d.) „Græn skref“. Sótt 31. janúar 2020 af <https://www.vestfirdir.is/is/verkefni/graenskref>

Vestfjarðastofa c. (e.d.) „Hringvegur 2“. Sótt 19. febrúar 2020 af <https://www.vestfirdir.is/is/verkefni/hringvegur2>

Vestfjarðastofa. (2020). „Vestfjarðaleiðin – The Westfjords Way“. Sótt 24. febrúar 2020 af <https://www.vestfirdir.is/is/vestfjardastofa/frettir/vestfjardaleidin-the-westfjords-way>

Vestur Adventures. (e.d.) „Iceland Kayaking Tours“. Sótt 13. febrúar 2020 af <https://www.vestfirdir.is/is/verkefni/hringvegur2https://vesturadventures.is/tours/>

Vesturbyggð. (2019). „Komur skemmtiskipa“. Sótt 28. febrúar 2020 af <https://vesturbyggd.is/stjornsysla/stofnanir/hafnir/komur-skemmtiskipa/>

Vesturferðir. (e.d.) „Kvöldverður á Breiðafirði“. Sótt 17. febrúar 2020 af <http://www.vesturferdir.is/ferdir/batsferdir/kvoldverdur-a-breidafirdi/2092/>

Wikiloc. „Berserkjagata“ sett í leitarglugga. Sótt 14. febrúar 2020 af <https://is.wikiloc.com/slodir/ganga/iceland?t=&d=&lfr=&lto=&a=ganga&months=&following=&since=&favorite-list=&q=Berserkjagata>

Wikiloc. „Breiðafjörður kayaking“ sett í leitarglugga. Sótt 14. febrúar 2020 af <https://is.wikiloc.com/wikiloc/find.do?t=&d=&lfr=&lto=&src=&act=&favorite-list=&months=&following=&since=&q=Brei%C3%B0afj%C3%B6r%C3%B0ur+kayaking>